

**SKOÐUN** Pétur Hrafn Sigurðsson skrifar um upphaf skólagöngu og skólamál í Kópavogi. 16



**MENNING** Árni Heimir Ingólfsson kynnir 3. sinfóníu Mahlers sem flutt verður á Listahátíð í Reykjavík. 22



**SPORT** Gunnar Páll Jóakimsson þjálfar okkar fremsta íþróttafólk samhliða því að kenna stærðfræði í FB. 26


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Þriðjudagur
20. maí 2014
117. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Ekki hugsað um börnin** Byggja á búsetukjarna fyrir fatlað fólk þar sem gert er ráð fyrir fimm börnum. Ágústa Eir Guðnýjardóttir segir ekki hugsað um þarfir barnanna og fjölskyldna þeirra. 6

**Rangar ályktanir af blóði** Sérfræðingar segja túlkanir rannsóknarlögreglunnar á blóði á vettvangi í morðmáli á Egilsstöðum rangar. 2

**Útreikningar í sumar** Sumarið fer í útreikninga á skuldaleiðréttingum og forritasmíð hjá Ríkisskattstjóra. 4

**Drónar og spjót gegn stúlknaræningjum** Nígeríska hernum hefur bæst liðsauki af óliku tagi við leitina að stúlkunum sem liðsmenn Boko Haram rændu. Annars vegar drónar frá Bandaríkjaher, hins vegar vanir veiðimenn vopnaðir frumstæðum eiturspjótum og fornum verndargripum. 11




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 6° | | ASA | 3 |
| Akureyri | 7° | | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 7° | | SA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | | ANA | 4 |
| Reykjavík | 10° | | SSV | 4 |

**Hægviðri** Í dag verður yfirleitt hægur vindur á landinu, 3-8 m/s. Víða nokkuð bjart og úrkomulítið en fremur skýjað SA-til og lítilsháttar rigning. 4

## SÉRBLAÐ

**Fólk**




# Vindorkugarður við Búrfell gæti framleitt 200 megavött

Landsvirkjun undirbýr mat á umhverfiáhrifum fyrir vindorkugarð á Hafinu við Búrfell. Aðstæður til raforkuvinnslu úr vindorku eru óvenju hagstæðar hér landi, er niðurstaða verkefnis Landsvirkjunar við Búrfell.

**ORKUMÁL** Landsvirkjun undirbýr nú mat á umhverfisáhrifum fyrir vindorkugarð á Hafinu við Búrfell. Aðstæður á Íslandi eru óvenju hagstæðar fyrir slíka raforkuvinnslu er reynslan af tilraunaverkefni þar.

Óli Grétar Blöndal Sveinsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Landsvirkjunar, segir að nýtnihlutfall vindmylla Landsvirkjunar við Búrfell, sem voru reistar fyrir rúmu ári, sé óvenju hátt. Það sé um 40 prósent en á heimsvísu um 28 prósent.

„Við teljum að það séu allt að 200 megavött virkjanleg á svæðinu, en við mat á umhverfisáhrifum þarf að gefa upp tölu megavatta sem hugsanlega eru vinnanleg, svo þetta mat getur verið vel rúmt. Ef þetta yrði að veruleika myndi sú uppbygging alltaf verða í nokkrum áföngum,“ segir Óli Grétar. Til samanburðar er uppsett afl Búðarhálsstöðvar, nýjustu stöðvar fyrirtækisins, 95 MW.

Vindmyllurnar tvær á Hafinu eru samtals 1,8 MW, svo allt að 200 MW vindorkugarður er stórt skref. Verði af verkefninu er hugmyndin að reisa stærri vindmyllur, eða allt að þrjú til 3,5 MW hver vindmylla.

Óli Grétar bætir við að kostnaður við vindmyllur fari lækkandi. Ef þær verði samkeppnishæfar við stærri virkjanir, þá geti það breytt áherslum Landsvirkjunar.

„Ef þetta verður arðbærara þá fer það fram fyrir aðra virkjunarkosti,“ segir Óli Grétar. Vindorkan sé samkeppnisfær í verði við smærri vatnsaflskosti miðað við staðsetningu á Hafinu.

Alþjóðlegu vindorkusamtökin spá að uppsett afl frá vindmyllum tvöfaldist fyrir lok árs 2016. Könnun Capacent Gallup fyrir Landsvirkjun í fyrra sýndi að ríflega 80 prósent voru fylgjandi því að reisa vindmyllur.

Engin sérstök vandamál hafa komið upp við rekstur vindmyllanna hingað til. Erlendis er fugladauði þekkt vandamál, en á Hafinu hefur það ekki komið upp enda fuglalíf lítið þar Annað gæti verið uppi á teningnum ef vindmyllur yrðu til dæmis nær sjó í framtíðinni. -shá

**60-70**

Miðað við 3–3,5 MW vindmyllur og 200 MW framleiðslu rísa 60-70 vindmyllur við Búrfell þar sem tvær myllur sem reistar voru í tilraunaskyni benda til hagkvæmni slíkrar vinnslu á Íslandi.






**MÓTMÆLI GEGN KÍNVERJUM** Víetnamar á Íslandi efndu í gær til mótmæla við utanríkisráðuneytið. Fara þeir fram á stuðning í deilunni vegna olíuborunar Kínverja nærri eyjum sem bæði ríkin gera tilkall til. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leikur harðsnúinn vígamann:

# Hafþór Júlíus í sjónvarpið

**SJÓNVARP** „Það var virkilega gaman að fá þetta hlutverk, ég hef ekki leikið neitt af viti áður og ég viðurkenni það alveg að ég var mjög stressaður,“ segir Hafþór Júlíus Björnsson en hann þreytti frumraun sína á sjónvarpsskjánum í gær á Stöð 2 í Game of Thrones

Hafþór fer með hlutverk bardagakappans Gregors Clegane. „Ég var búinn að horfa á alla þættina þegar þeir höfðu samband. Síðan þegar þeir hafa samband þá bregður mér smá, ég hélt náttúrulega að þetta væri bara eitthvert rugl.“



-bþ / sjá síðu 38


Ný sending komin!
Betri svefn, betri líðan




Öll betri apótek, Hagkaup, Fjarðarkaup, Heimkaup og Lifandi Markaður


Condé Nast International gerir útgáfusamning við 365 miðla:

# Boða Glamour í íslenskri útgáfu

**FJÖLMIÐLAR** 365 miðlar og Condé Nast International hafa komist að samkomulagi um íslenska útgáfu á tímaritinu Glamour.

„Glamour er eitt af leiðandi lífsstílstímaritum fyrir konur í heiminum í dag,“ segir Jonathan Newshouse, stjórnarformaður og forstjóri útgáfufyrirtækisins Condé Nast International.

„Þeir hjá Condé Nast eru ánægðir með að geta komið með þennan vinsæla fjölmiðil til Íslands þar sem markaðurinn lofar góðu.“

Ingibjörg Pálmadóttir, stjórnarformaður 365 miðla, tekur í sama streng.

„Við erum himinlifandi yfir að hafa náð samningum við Condé Nast um útgáfu Glamour á Íslandi. Þetta verður frábær viðbót í fjölmiðlaflóru landsins og við erum stolt af því að taka þátt í því. Við trúum því að Glamour hafi mikla möguleika sem vörumerki og okkar teymi getur ekki beðið eftir að hefjast handa.“

Tímaritið er eitt af leiðandi lífsstílstímaritum í heiminum í dag og verða efnistökin sérsniðin að íslenskum markaði.




- aó / sjá síðu 8


doka



Doka-ðu aðeins við!
Bjóðum nú hinar vönduðu DOKA plötur 3-So, gæðavöru sem þú getur notað aftur og aftur, á verði sem mun koma á óvart!
FORMTAK
Fossaleyni 8/Sími: 510 2050/vidar@formtak.is

## SPURNING DAGSINS



Ólafur, er ekki næsta skref að breyta nafninu í Gammeldansk?

**„Það er varla við hæfi þar sem við drekkum ekki.“**

Dúettinn Harmonikkubræður hefur tekið upp plötu með lögum Nýdönsk í samstarfi við hljómsveitina. Ólafur Hólm Einarsson er trommari í Nýdönsk.

Fimmmenningarnir munu ekki sitja í gæsluvarðhaldi þar til dómur fellur:

# Of þungbært að sitja í varðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** „Það getur ekki stafað svo mikil hætta af þessum mönnum að það sé réttlætanlegt að geyma þá í fangelsi án þess að dómur hafi fallið,“ segir Erlendur Gunnarsson, verjandi eins fimmmenninganna í hópnauðgunarmálinu svokallaða.



ERLENDUR ÞÓR GUNNARSSON

Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð héraðsdóms um að ekki ætti að vista piltana í gæsluvarðhaldi á grundvelli almannahagsmuna. Þeir ganga því lausir og hafa gert síðan fyrir helgi þegar úrskurður héraðsdóms féll.

„Þessi dómur Hæstaréttar er mjög jákvæður fyrir minn skjólstæðing,“ segir Erlendur. „Það hefði verið ansi þungbært fyrir einstakling, sem er einungis grunaður um refsivert brot, að þurfa að sæta gæsluvarðhaldi til lengri tíma þegar ekki er meira vitað um málsatvik en staðan er í dag.“

Mennirnir voru allir vistaðir í einangrun á meðan þeir voru í gæsluvarðhaldi. „Það þurfa að vera mjög brýnir hagsmunir undir ef það á að réttlæta það að ólögráða einstaklingur sæti einangrun og svo gæsluvarðhaldi í fangelsi og þurfi þar með að þola þyngri byrði en þeir sem eru jafnvel dæmdir fyrir grófari afbrot.“ -ssb

Ingólfur Helgason dæmdur:

# Greiði Arion 167 milljónir

**DÓMSMÁL** Ingólfur Helgason, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, var dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær til að greiða Arion banka 167 milljónir króna.

Tveir dómar féllu í málum gegn Ingólfi. Annar hljóðaði upp á greiðslu 149 milljóna króna vegna láns og hinn 18 milljóna króna, auk vaxta, vegna annars láns.

Milljónirnar bætast ofan á þær 1.078 milljónir sem Ingólfi var gert að greiða slitastjórn Kaupþings í fyrra. -ssb



**ALLT Á FLOTI** Menn reyna að koma bifreið sinni í gang á götu í bænum Obrenovac. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stærsta orkuver Serbíu í hættu vegna mikilla flóða:

# Rýma þurfti tólf þorp í Serbíu

**SERBÍA, AP Rýma þurfti tólf þorp og smábæi við ána Sava í Serbíu, en áin ólgaði sem stórfljót og flæddi víða yfir bakka sína.**

**Í einu þessara þorpa, Obrenovac, hafa hermenn, lögregluþjónar og sjálfboðaliðar unnið dag og nótt við að verja helsta orkuver landsins gegn flóðvatninu.**

**Orkuverið Nikola Tesla er kolaknúið, en útvegar helmingi landsmanna raforku, þar á meðal öllum íbúum og fyrirtækjum höfuðborgarinnar Belgrad.**

**Flóðin hafa kostað minnst 35 manns lífið undanfarna fimm daga. Þetta eru verstu flóð í suðaustanverðri Evrópu í meira en öld.** -gb

# Blóðferlar samræmast frásögn sakbornings

Sérfræðingar í blóðferlarannsóknum hafa skilað af sér matsgerð í morðmáli frá Egilsstöðum þar sem fram kemur að túlkanir rannsóknarlögreglunnar á vettvangi hafi verið rangar. Verjandi ákærða segir matsgerðina staðfesta framburð hans.

**DÓMSMÁL** Matsgerð tveggja sérfróðra matsmanna, sem dómkvaddir voru til að endurskoða blóðferlarannsóknir í morðmáli sem átti sér stað á Egilsstöðum í maí í fyrra, ber með sér að túlkun á blóðferlum í málinu af rannsakendum lögreglunnar hafi verið röng.



SVEINN ANDRI SVEINSSON

Friðrik Brynjar Friðriksson var dæmdur fyrir að hafa myrt karlmann á heimili hans með því að stinga hann ítrekað í líkamann með hníf. Friðrik hefur alla tíð haldið fram sakleysi sínu í málinu en því hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og mun málflutningur fara fram í júní.

Í matsgerðinni kemur meðal annars fram að uppgötvanir matsmannanna séu að miklu leyti í samræmi við framburð Friðriks Brynjars, sem héraðsdómur taldi ekki geta átt sér stoð í raunveruleikanum.

„Rannsóknarlögreglumaður hefur túlkað frákastsblóðferla (cast off patterns) á svölunum sem stefna frá megin höfuðsvæði hins látna. Það er okkar álit að þessi túlkun sé röng. Okkar álit er, að sletturnar (spatter) sem stefna báðum megin frá höfði séu afleiðing af að höfðinu sé sleppt ofan í blóðpoll sem myndast hafi undir því,“ segir í matsgerðinni.

Sveinn Andri Sveinsson, verjandi Friðriks, segir matsgerðina hnekkja að mjög miklu leyti niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. „Í dómnum er byggt á þeirri niðurstöðu rannsakenda á vettvangi að hinn látni hafi fyrst verið stunginn í stofunni, þá dreginn út á svalir og þar verið haldið áfram að stinga hann. Framburður ákærða í málinu um það að hann hafi komið að hinum látna í stofunni og dregið hann út á svalir þótti þess vegna ekki standast. En matsmennirnir komast hins vegar að allt annarri niðurstöðu sem er sú að allar stungurnar hafi átt sér stað inni í stofunni og út frá því geti frásögn ákærða staðist,“ segir Sveinn Andri í samtali við Fréttablaðið.

Í matsgerðinni kemur einnig fram gagnrýni á vettvangsrannsókn lögreglunnar, þar sem ljósmyndir hafi ekki verið teknar af öllum flötum og með mælistiku og þær séu að mestu úr fókus. Þá hafi ekki verið borin kennsl á um hvers konar blóðför hafi verið að ræða á nokkrum stöðum.

fanney@frettabladid.is



**BLÓÐFÖR TÚLKUÐ RANGLEGA** Hinir sérfróður matsmenn eru viðurkenndur blóðferlagreinir og sérfræðingur í blóðferla- og vettvangsrannsóknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

> **Rannsóknarlögreglumaður hefur túlkað frákastsblóðferla á svölunum sem stefna frá megin höfuðsvæði hins látna. Það er okkar álit að þessi túlkun sé röng.**
>
> *Úr matsgerð sérfræðinga í blóðferlarannsóknum.*

Kennarar á næturfundi:

# Engir alvarlegir hnútar í deilu



ÓLAFUR LOFTSSON

**KJARAMÁL** Grunnskólakennarar sátu fram á nótt á fundi hjá Ríkissáttasemjara í von um að koma í veg fyrir vinnustöðvun 4.300 kennara sem boðuð er á morgun.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segist bjartsýnn. „Við gerum allt sem við getum til að klára þetta fyrir miðvikudag. Við erum að reyna að leysa þá hnúta sem eru. Þeir eru ekki alvarlegir en þetta tekur allt tíma.“ -ssb

Icelandair aflýsir fjölda ferða:

# Flugmenn fást ekki í yfirvinnu

**KJARAMÁL** Icelandair hefur aflýst fjölda flugferða því flugmenn fyrirtækisins neita að hlaupa í skarðið fyrir þá sem forfallast.

Enn hefur ekki tekist að semja í kjaradeilu flugmanna við Icelandair en næsti fundur er í dag.

Hafsteinn Pálsson, formaður Félags íslenskra flugmanna, segir flugmenn grautfúla yfir lögunum sem Alþingi setti á verkfallið. Þrátt fyrir að ekki sé í gildi yfirvinnubann hjá flugmönnum hyggjast flugmenn ekki taka yfirvinnu nema samningar séu í höfn. „Það er ekki hægt að skylda okkur til að vinna yfirvinnu,“ segir Hafsteinn. -ssb




Ferðamenn fengu aðeins örfáar klukkustundur til að kanna höfuðborgina:

# Fyrsta skipið á metsumri komið

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins lagðist við Skarfabakka í gær með 1.200 farþega, að mestu leyti Breta.

Thomson Spirit, sem er 33.930 tonn að stærð, er tiltölulega smátt miðað við þau skip sem búist er við síðar í sumar. Alls eru skipulagðar 89 heimsóknir skemmtiferðaskipa til landsins yfir helsta ferðamannatímann.

Helen Bower frá Englandi er farþegi á skipinu og kom hingað með eiginmanni sínum. „Við höfum aldrei farið í svona siglingu áður en völdum þessa sérstaklega því farið er til Íslands og Orkneyja.“

Farþegum gafst aðeins tími frá sjö um morguninn og til hálf fjögur um daginn til að skoða Reykjavík og nágrenni.

„Við hefðum gjarnan viljað stoppa lengur. Andrúmsloftið í Reykjavík er afslappað og skemmtilegt. Borgin minnir líka á San Francisco þegar þú stendur efst við Hallgrímskirkju og horfir niður í bæinn,“ segir Helen.

Helen hyggst heimsækja land og þjóð aftur og gefa sér betri tíma. „Ég mun koma aftur og skoða landið nánar.“ -ssb



**HELEN BOWER** Á leið aftur um borð í skipið sem er á vegum ferðaskrifstofunnar Thomson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Verð: 1.950.000 kr.**

**Mazda2 Advance** IJU89
Skráður júní 2012, 1,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 55.000 km.
*í ábyrgð*




**Tilboð: 1.590.000 kr.**

**Hyundai I30 Classic** NKL79
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 122.000 km.
Ásett verð: 1.790.000 kr.




**Tilboð: 3.190.000 kr.**

**Ford B-MAX Titanium** JFE65
Skráður maí 2013, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 28.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr. *í ábyrgð*




**Tilboð: 1.990.000 kr.**

**Kia Sorrento EX AWD** SN967
Skráður febr. 2006, 3,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 140.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð: 6.990.000 kr.**

**Mitsubishi Pajero Instyle 4x4** REJ72
Skráður maí 2011, 3,2TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 65.000 km.
Ásett verð: 7.990.000 kr.



**Verð: 1.340.000 kr.**

**Citroën C1 SX** FUV92
Skráður maí 2012, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 71.000 km.
*í ábyrgð*




**Tilboð: 2.390.000 kr.**

**Honda Accord** YHE12
Skráður júlí 2008, 2,4i bensín, sjálfsk.
Ekinn 93.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.

**FINNDU BÍLINN ÞINN**

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

**TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*



**Verð: 1.990.000 kr.**

**Subaru Legacy** SU091
Skráður apríl 2007, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 90.000 km.



**Verð: 3.590.000 kr.**

**Skoda Superb** VRN33
Skráður maí 2012, 2,0Di dísil, sjálfsk.
Ekinn 154.000 km. *í ábyrgð*




**Tilboð: 2.150.000 kr.**

**Citroën C4 Saloon Comfort** JGB12
Skráður júlí 2011, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 34.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr.




**Tilboð: 4.280.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S AWD** BHP25
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 4.580.000 kr.

**BÍLADÍLL DAGSINS!**
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 2.390.000 kr.**

**Ford Explorer XLT 4x4** NV751
Skráður maí 2007, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 110.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.




**Tilboð: 5.450.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser 120 VX** ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.



**Verð: 990.000 kr.**

**Ford Focus Trend** YN201
Skráður apríl 2005, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 141.000 km.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## SVONA ERUM VIÐ



**31.265** tonn af sælgæti voru flutt inn til landsins frá og með árinu 2000.

**444 tonn hafa bæst við í ár, segir Hagstofa Íslands. Þetta er að meðaltali 2.233 tonn á ári.**

Langmesta eftirsóknin eftir strandveiðum er á svæði A sem er á norðvesturhorni landsins:

# Strandveiðimenn hafa veitt um 1.300 tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Strandveiðimenn höfðu í gær veitt rúmlega 1.300 tonn á þeim fjórum svæðum þar sem veiðarnar fara fram hérlendis.

Leyfilegur heildarafli í sumar er 8.600 tonn og er honum skipt niður á mánuði og fjögur svæði. Langmesta eftirsóknin eftir veiðum er á svæði A sem er á norðvesturhorninu, sérstaklega framan af sumri, og hefur rúmlega helmingur af öllum löndunum á strandveiðum í maí verið á því svæði. „Þar er langmest um að vera. Þar eru rúmlega 200 bátar að landa,“ segir Þorsteinn Hilmarsson hjá Fiskistofu.

Alls hafa 504 leyfi verið gefin út fyrir veiðarnar og eru þau sem stendur um 30 til 40 færri en í fyrra. „Það hefur ekki verið mikil fjölgun undanfarna daga. Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því. Sumir eru á grásleppuveiðum núna og vilja klára þær áður en þeir fara í strandveiðar og aðrir vilja klára kvóta fyrst,“ segir Þorsteinn, sem bætir við að veiðin sé í svipuðum skorðum og undanfarin tvö til þrjú ár. „Það eru heldur færri bátar á ferð en aflabrögð eru ágæt.“

Ljósmyndari Fréttablaðsins rakst á þá Sigurjón Stefánsson og Nökkva Flosason, starfsmenn fiskmarkaðs Djúpavogs, með fallega fiska í höndunum á bryggjunni á dögunum. „Þetta er búið að vera ótrúlega gott hjá þeim á þessum strandveiðum og fiskurinn hefur verið mjög stór og fallegur,“ segir Nökkvi. - fb



**FALLEGIR FISKAR** Sigurjón Stefánsson og Nökkvi Flosason ánægðir með aflann á bryggjunni á Djúpavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýr meirihluti í Hafnarfirði?

## Ekki formlegar viðræður enn

**HAFNARFJÖRÐUR** Sjálfstæðisflokkurinn og Björt framtíð geta myndað tveggja flokka meirihluta eftir kosningar skv. nýlegri skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar sem gerð var fyrir Morgunblaðið.



**RÓSA GUÐ-BJARTSDÓTTIR**

Oddvitar framboðanna, Rósa Guðbjartsdóttir hjá Sjálfstæðisflokki og Guðlaug Kristjánsdóttir hjá Bjartri framtíð, sögðu í samtali við Vísi að engar formlegar viðræður væru hafnar, en að allir flokkar væru á einn eða annan hátt að ræða saman í aðdraganda kosninga.

„Við höfum verið að ræða við alla flokka,“ sagði Guðlaug Kristjánsdóttir. - sa

Maískökur innkallaðar:

## Sveppaeitur yfir mörkum

**MATVÆLI** Heildsalan Arka heilsuvörur ehf. hefur tilkynnt Matvælastofnun og matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um innköllun á maískökum frá vörumerkinu Lima vegna sveppaeiturs (deoxynivalenol) sem var yfir mörkum. Um er að ræða varúðarráðstöfun og einskorðast eingöngu við vörur með dagsetninguna best fyrir 03.02.2015.

Í tilkynningu frá Arka kemur fram að brugðist hafi verið við með því að fjarlægja vöruna úr hillum verslana. „En ef einhverjir eiga þessa vöru heima hjá sér eru þeir vinsamlegast beðnir um að skila vörunni í þeirri verslun sem hún var keypt og fá hana bætta eða farga henni,“ segir í tilkynningunni. - fb

# Fjöldi umsókna ræður endanlegri niðurstöðu

**Umsóknir um höfuðstólslækkun skutust yfir tuttugu þúsund í gær. Innlit á leiðréttingarvef eru frá 74 löndum. Sumarið fer í útreikninga og forritasmíð hjá Ríkisskattstjóra. Tæknileg úrlausnarefni ráða tímasetningunni á birtingu útreiknings.**

**EFNAHAGSMÁL** Gangi öll tæknivinnsla upp ætti að liggja fyrir í septembermánuði hvað hver fær í sinn hlut í niðurfærslu ríkisstjórnarinnar á verðtryggðum húsnæðisskuldum. Þetta segir Tryggvi Þór Herbertsson, verkefnisstjóri skuldaniðurfellingaráætlunar ríkisstjórnarinnar.

„Núna í sumar eru útreikningar í gangi og verið að smíða forrit og annað slíkt hjá Ríkisskattstjóra,“ segir Tryggvi Þór. Endanlegan útreikning sé svo hægt að framkvæma þegar allar upplýsingar liggi fyrir 1. september næstkomandi. „Ef allt gengur vel og með fyrirvara um tæknilega úrvinnslu þá ljúkum við þessu í september. Rammi pólitíkur og laga í tengslum við þetta er fullmótaður og ákveðinn.“

Tryggvi segir ekki úr vegi að reikna með því að gildar umsóknir verði á endanum milli 50 og 60 þúsund talsins. „Rétt eiga um 69 þúsund manns, en viðbúið er að umsóknirnar verði fleiri því sumir sem ekki eiga rétt sækja um og aðrir sem eru forvitnir um hvernig þetta virkar.“

Tryggvi segir ágætt að gagnrýnendur finni ferlinu ekki annað til foráttu en að á vefinn skorti reiknivél sem áætli niðurstöðu niðurfellingar húsnæðisskulda hvers og eins. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði á haustfundi miðstjórnar Framsóknarflokksins í nóvember í fyrra að hver og einn ætti með verulegri vissu að geta reiknað út áhrif fyrir sig. Nokkrum dögum síðar áréttaði þó Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður Sigmundar, í viðtali við Viðskiptablaðið, að ekkert lægi fyrir um gerð slíkrar reiknivélar eða hvort hún liti yfirhöfuð dagsins ljós.

Tryggvi segir liggja fyrir að 80 milljarða króna hámark hafi verið sett á kostnað við aðgerðina og því sé ekki vitað hver réttindin verði á endanum. Á vefnum séu hins vegar óopinberar reiknivélar þar sem fólk geti glöggvað sig á stöðunni.

Endanlegur fjöldi umsækjenda geti hins vegar haft áhrif á niðurstöðu hvers og eins. „Þessi viðmiðunarvísitala verður ekki þekkt fyrr en við vitum nákvæmlega hvað margir sækja um og hvað hver hefur þegar fengið í niðurfellingar.“ olikr@frettabladid.is




**KYNNTU ÁFORMIN** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra á blaðamannafundi í marslok þar sem kynntar voru áherslur í fyrirhugaðri niðurfærslu verðtryggðra húsnæðisskulda fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### UMSÓKNIR KOMNAR Á ÞRIÐJA TUG ÞÚSUNDA



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON**

Rétt fyrir ellefu í gærmorgun höfðu 17 þúsund sótt um höfuðstólslækkun á vef Ríkisskattstjóra, www.leidretting.is. Laust fyrir tvö var talan komin í 19.700 og ljóst að umsóknir færu yfir 20 þúsundin í lok dags. Að sögn Skúla Eggerts Þórðarsonar ríkisskattstjóra hafði vefurinn um miðjan dag verið skoðaður 231 þúsund sinnum af 35.500 gestum í 76 löndum. Flestar umsóknir séu frá fólki búsettu á Íslandi eða 93 prósent. 1,6 prósent umsókna hafi komið frá Noregi, 0,8 frá Danmörku og 0,8 frá Bandaríkjunum.

Tryggvi Þór Herbertsson, verkefnisstjóri skuldaniðurfellingaráætlunarinnar, segir umferðina meiri en áætlað var. Vefurinn hafi þó staðið sig framar öllum vonum. Fjórtán manns svari í símann hjá Ríkisskattstjóra. Þá sé tekið á móti fólki á skrifstofunni. „Eldra fólk hefur helst komið og fengið aðstoð. Ég held við getum því sagt að framkvæmdin hafi tekist frábærlega. Við erum mjög ánægð með hana,“ segir Tryggvi.

Hálf milljón fyrir tvö börn:

## Vinstri græn kynna reiknivél

**KOSNINGAR** Hjón með tvö börn, þar af annað á leikskólaaldri og hitt á grunnskólaaldri sem fer á frístundaheimili, greiða rúmlega hálfa milljón króna fyrir þjónustuna á ári.

Þetta kemur fram á vefnum gjaldfrelsi.is en þar gefst fólki kostur á að reikna út hve mikið það greiðir í þjónustu borgarinnar við börn. Vinstri græn í Reykjavík opnuðu vefinn í gær en markmið hans er að koma á framfæri helsta kosningaloforði framboðsins sem snýr að gjaldfrjálsum leikskóla, frístundaheimilum og skólamáltíðum. - ssb



**NÚRÍ AL MALIKI** Þarf næst að mynda starfhæfa ríkisstjórn. NORDICPHOTOS/AFP

Úrslit kosninga birt í Írak:

## Flokkur Núrí al Malikis sigraði

**ÍRAK, AP** Flokkabandalag, undir forystu Núrí al Malikis, bar sigur úr býtum í þingkosningunum í Írak í síðasta mánuði.

Takist honum að mynda starfhæfa ríkisstjórn hefur hann tryggt sér þriðja kjörtímabilið sem forsætisráðherra.

Flokkur hans er stærsta stjórnmálaafl sjía-múslima, en tveir aðrir flokkar sjía-múslima koma í öðru og þriðja sæti. Flokkar súnní-múslima fengu færri þingsæti, enda eru sjía-múslimar í meirihluta meðal íbúa landsins. - gb






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 24° | Friedrichshafen | 26° | New York | 24° |
| Aþena | 26° | Gautaborg | 20° | Orlando | 28° |
| Basel | 23° | Kaupmannahöfn | 20° | Ósló | 21° |
| Berlín | 26° | Las Palmas | 22° | París | 22° |
| Billund | 21° | London | 20° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 26° | Mallorca | 28° | Stokkhólmur | 19° |




**Á MORGUN** Hæg NA-læg eða breytileg átt.




**FIMMTUDAGUR** Hæg S-læg átt.

**LITLAR BREYTINGAR** Í dag og á morgun verður yfirleitt hæglætisveður og víða bjart, en rigning eða súld SA-til. Á fimmtudaginn hvessir aðeins vestantil en áfram hægviðri austanlands. Hitinn þokast hægt og bítandi upp á við.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Borgarstjórnarkosningar 31. maí 2014

## Kjörstaðir

### Kjörstaðir í Reykjavík við borgarstjórnarkosningarnar 31. maí nk. verða sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Ráðhús | Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi, Dalhúsum |
| Hagaskóli | Árbæjarskóli |
| Hlíðaskóli | Íþróttamiðstöðin Austurbergi |
| Laugardalshöll | Ölduselsskóli |
| Breiðagerðisskóli | Ingunnarskóli |
| Vættaskóli Borgir | Klébergsskóli |

**Kjörfundur hefst laugardaginn 31. maí kl. 9.00 árdegis og lýkur kl. 22.00. Sérstök athygli er vakin á að kjósandi sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki getur átt von á því að fá ekki að greiða atkvæði.**

Yfirkjörstjórn Reykjavíkur mun á kjördag hafa aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar verða atkvæði talin. Símanúmer yfirkjörstjórnar verður á kjördag 411 4910.

**Kjörskrá**

Kjörskrá í Reykjavík vegna borgarstjórnarkosninganna liggur frammi í Ráðhúsi Reykjavíkur. Einnig er hægt að slá inn kennitölu á www.reykjavik.is/kosningar og fá upplýsingar um hvar viðkomandi á að kjósa.

Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskrá. Athugasemdum vegna kjörskrár í Reykjavík skal beint til skrifstofu borgarstjórnar, Ráðhúsi Reykjavíkur, sími 411 4700, netfang kosningar@reykjavik.is. Þar eru jafnframt veittar nánari upplýsingar. Borgarráð úrskurðar um athugasemdir vegna skráningar í kjörskrá.

Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis
Tómas Hrafn Sveinsson
Katrín Theódórsdóttir
Ari Karlsson

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar í Reykjavík er stefnt að lestarferðum?
**2.** Hversu mörg prósent oddvita á framboðslistum eru karlar?
**3.** Hvað eru margir hjólabrettapallar í Reykjavík samkvæmt korti íþrótta- og tómstundaráðs?

**SVÖR:**
**1.** Um gömlu höfnina. **2.** 67 prósent. **3.** Níu.

Víetnamar á Íslandi afhentu utanríkisráðuneytinu bréf með ósk um stuðning í deilunni við Kínverja:

# Mótmæla olíuborun á umdeildu svæði

**UTANRÍKISMÁL** Víetnamar á Íslandi efndu í gær til mótmæla við utanríkisráðuneytið og afhentu þar bréf þar sem farið er fram á stuðning íslenskra yfirvalda vegna deilu við kínversk yfirvöld.

Samskipti Víetnama og Kínverja hafa versnað eftir að Kínverjar færðu olíuborpall nálægt eyjum sem báðir aðilar gera tilkall til. Krefjast Víetnamar þess að kínversk yfirvöld virði alþjóðalög og víetnamskt hafsvæði.

Óánægja Víetnama með olíuborun Kínverja á svæðinu hefur leitt til óeirða í Víetnam undanfarnar vikur. Kveikt hefur verið í að minnsta kosti 15 verksmiðjum í Víetnam í eigu útlendinga og ráðist á hundruð annarra. Samkvæmt kínverskri fréttastofu hafa yfir 100 Kínverjar særst í óeirðunum og nokkrir látið lífið.

Kínverjar, sem hafa lýst því yfir að olíuborun verði haldið áfram, eru sagðir hafa siglt á báta víetnömsku landhelgisgæslunnar.

Vegna óeirðanna hafa kínversk yfirvöld flutt yfir þrjú þúsund kínverska ríkisborgara frá Víetnam. Yfirvöld í Víetnam hafa nú hvatt til þess að óeirðunum verði hætt. **- ibs**

➜ Óeirðir hafa verið í Víetnam eftir að Kínverjar færðu olíuborpall nálægt umdeildum eyjum.



**MÓTMÆLI** Víetnamar komu saman við utanríkisráðuneytið í gær og mótmæltu meintum yfirgangi Kínverja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ALLT Á FLOTI** Flóðin á Balkanskaganum eru þau verstu í manna minnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rauði krossinn safnar:

## Neyðaraðstoð vegna flóða

**HJÁLPARSTARF** Félög Rauða krossins í Serbíu og Bosníu hafa unnið að björgunarstörfum og dreifingu hjálpargagna vegna flóðanna á Balkanskaga, sem eru þau verstu í manna minnum.

Rauði krossinn á Íslandi styrkir aðgerðir beggja landsfélaga og hefur opnað fyrir söfnunarsíma sína: 904 1500, 904 2500 og 904 5500. Samtökin hvetja þá sem vilja leggja lið að hringja og þá bætist við upphæð sem nemur síðustu fjórum tölustöfum símanúmersins. Þá er hægt að leggja inn á reikning Rauða krossins á Íslandi: 342-26-12 kt. 5302692649. **- fb**

Samgongustofa.is opnar:

## Einn vefur í stað þriggja

**TÆKNI** Samgöngustofa hefur opnað nýjan vef, samgongustofa.is, sem tekur fyrst og fremst mið af þörfum viðskiptavina.

Vefurinn leysir af hólmi vefi þriggja stofnana: Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar og Umferðarstofu. Allir þessir vefir voru umfangsmiklir enda þjónusta sameinaðrar stofnunar víðfeðm, að því er kemur fram í tilkynningu frá Samgöngustofu. „Mikil áhersla var á tiltekt í efni, gera vefinn aðgengilegan og notendavænan. Mikil áhersla er á greitt aðgengi að eyðublöðum, lögum og reglugerðum. Leitin er snjöll og tekur mið af ólíkri hugtakanotkun og orðavali notenda,“ segir í tilkynningunni. **- fb**

# Segir stofnanavistun barna hneyksli í nútímasamfélagi

Áætlað er að byggja búsetukjarna fyrir fatlað fólk þar sem gert er ráð fyrir fimm börnum. Ágústa Eir Guðnýjardóttir segir kerfið vera gamaldags, ferkantað og ekki sé hugsað um þarfir barnanna og fjölskyldna þeirra.



**VIÐ LAUGARNESSKÓLA** Ágústa Eir Guðnýjardóttir átti erfiða skólagöngu fjarri fjölskyldu sinni og í sérdeild Laugarnesskóla sem leyfði lítil samskipti við önnur börn. Barnæska hennar einkennist því af mikilli heimþrá og einmanaleika. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**VELFERÐARMÁL** Ágústa Eir Guðnýjardóttir gagnrýnir harðlega þá ákvörðun borgarráðs að byggja nýja búsetukjarna fyrir 28 fatlaða einstaklinga og þar af fimm börn.

Hún segir skammarlegt að árið 2014 séu börn enn rifin frá fjölskyldum sínum og sett á stofnun.

Í pistli sínum á vefsíðunni Tabú lýsir hún sárri reynslu sinni er hún var send sex ára gömul frá fjölskyldu sinni til Reykjavíkur í blindradeild Laugarnesskóla. Hún flæktist á milli fósturfjölskyldna og grunnskólagangan einkenndist af sorg, heimþrá, einmanaleika og fangelsistilfinningu.

„Ég vil ekki yfirfæra mína þungbæru reynslu á öll börn, en ég held því samt sem áður fram að aðskilnaður við foreldra og fjölskyldu, sama hver á í hlut, sé óafsakanlegur í því velferðarsamfélagi sem við viljum kenna okkur við,“ segir Ágústa.

„Það versta er að börnin missa tengslin við þá sem hafa annast þau til þessa og umönnun og uppeldi þeirra er í höndum margra. Einn á vakt að morgni, annar að kvöldi, þriðji yfir nóttina og þau vita aldrei hver kemur næst.“

Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, segir þörfina fyrir sértæka búsetu vera til staðar og því sé ráðist í bygginguna. „Sumir vilja þiggja þessa þjónustu og sumum börnum er ekki hægt að bjóða þjónustu heim þrátt fyrir að allt sé reynt og gert. Það er aldrei val sveitarfélagsins að barn búi á svona heimili, og þetta er heimili, ekki stofnun. En ég vona að Alþingi taki fljótt fyrir lagasetningu um notendastýrða aðstoð svo að hægt verði að bjóða fleirum aukinn stuðning heima,“ segir Björk.

Ágústa furðar sig á svari Bjarkar. „Af hverju skyldu foreldrar samþykkja búsetuúrræði? Af því að þeim hefur aldrei verið boðinn annar raunhæfur valkostur. Þau eru dauðuppgefin og örvæntingarfull enda geta þau ekki verið heima með barnið án meiri stuðnings. Kerfið er svo ferkantað og ef barnið passar ekki inn í það þá er það sett á stofnun,“ segir Ágústa og skilur ekki af hverju milljarðurinn sem búsetukjarni kostar í byggingu, fyrir utan 500 milljóna rekstrarkostnað á ári, sé ekki notaður í annað. „Það mætti nýta fjármagnið í skilvirkari, framsýnni og umfram allt mannúðlegri lausnir en að stofnanavista börn.“

erlabjorg@frettabladid.is

## Vill geta kysst son sinn góða nótt



**AUÐUR FINNBOGADÓTTIR**

Auður Finnbogadóttir á fatlaðan og langveikan son en hefur barist fyrir því alla tíð að stofnanaúrræðum sé ekki beitt hvað hann snertir. Hún hafði mikið fyrir því að fá beingreiðslusamning við borgina þannig að hún geti ráðstafað styrknum sjálf og borgað fyrir þá aðstoð sem fjölskyldan þarf.

„Ástæðan fyrir því að börn fara á stofnanir eða heimili er að foreldrarnir geta ekki lengur hugsað um þau. Það er ekkert foreldri sem óskar þess að einhver annar hugsi um barnið sitt og missa öll völd yfir lífi þess,“ segir Auður og bætir við að mörg börn hafi flóknar þjónustuþarfir og erfiða hegðun en allt sé hægt með ögn víðsýnni hugsun. „Kerfið er ósveigjanlegt en í raun er mun hagstæðara að sérsníða þjónustuna fyrir hverja fjölskyldu. Við þiggjum um það bil einn fimmta af því fjármagni sem stofnanaþjónusta sonar míns var metin á.“

Auður segir fyrirkomulagið gera syni hennar kleift að lifa sambærilegu lífi og jafnaldrar hans. „Hann er mikill fjölskyldumaður og það myndi fara með hann að vera burtu frá okkur, og okkur líka. Ég get kysst hann góða nótt á hverju kvöldi en fæ líka nætursvefn og hvíld vegna aðstoðarfólksins sem við erum með í vinnu.“



# 20-40% Afsláttur

# Sumartilboð









90x46 cm.
með handlaug.

100x46 með handlaug,
speglakáp og ljósi.

60x46 með handlaug,
speglaskáp og ljósi.

53x31 cm.
með handlaug.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili




VIÐURKENNT BÓKARANÁM

Frá grunni að viðurkenndum bókara

Það hefur vakið athygli hversu margir nemendur okkar hafa fengið vinnu eftir að hafa lokið bókhaldsnámi.

Viðurkennt bókaranám er bæði skemmtileg og krefjandi námsbraut sem býr nemendur undir próf sem leiðir til vottunar frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu sem Viðurkenndur bókari.

- **Helstu námsgreinar**

Verslunarreikningur - 24 stundir
Excel-töflureiknir - 30 stundir
Bókhald - 36 stundir
Tölvubókhald í Navision - 54 stundir
Excel við áætlanagerð - 30 stundir
Launakerfi - 24 stundir
Lánardrottnar og viðskiptamenn - 12 stundir
Fyrningar - 12 stundir
Virðisaukaskattur - 6 stundir
Lán - 18 stundir
Gerð og greining ársreikninga - 24 stundir
Lokaverkefni - 36 stundir
Skattaskil - 18 stundir
Reiknishald, viðbætur - 36 stundir
Upplýsingatækni, viðbætur - 6 stundir
Upprifjun fyrir próf - 24 stundir

- **Lengd námskeiðs:**

2 annir - 390 kennslustundir - kennt tvisvar í viku

- **Verð:**

384.000 kr. - kægt er að dreifa greiðslum

- **Næstu námskeið:**

Morgunnámskeið byrjar 1. okt. og lýkur 26. maí.
Kvöldnámskeið hefst 2. okt. og lýkur 26. maí.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS
ntv


# Glamour og Condé Nast til Íslands

**365 miðlar og útgáfufyrirtækið Condé Nast International hafa samið um íslenska útgáfu af Glamour, sem er eitt leiðandi lífsstílstímarita í heiminum. Efnistök verða sérsniðin að Íslandi. Fyrsta sinn sem alþjóðlegur fjölmiðill kemur út í íslenskri útgáfu.**

**FJÖLMIÐLAR** 365 miðlar og Condé Nast International hafa komist að samkomulagi um íslenska útgáfu á tímaritinu Glamour. Þetta er sautjánda erlenda útgáfan af tímaritinu vinsæla. „Glamour er eitt af leiðandi lífsstílstímaritum fyrir konur í heiminum í dag,“ segir Jonathan Newshouse, stjórnarformaður og forstjóri útgáfufyrirtækisins Condé Nast International. „Þeir hjá Condé Nast eru ánægðir með að geta komið með þennan vinsæla fjölmiðil til Íslands þar sem markaðurinn lofar góðu.“



INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR

Ingibjörg Pálmadóttir, stjórnarformaður 365 miðla, tekur í sama streng. „Við erum himinlifandi yfir að hafa náð samningum við Condé Nast um útgáfu Glamour á Íslandi. Þetta verður frábær viðbót í fjölmiðlaflóru landsins og við erum stolt af því að taka þátt í því. Við trúum því að Glamour hafi mikla möguleika sem vörumerki og okkar teymi getur ekki beðið eftir að hefjast handa.“

Carol Cornau, forseti Condé Nast International bætir við: „Þetta er í fyrsta sinn sem alþjóðlegur fjölmiðill kemur út í íslenskri útgáfu og þrátt fyrir að Glamour sé nú þegar þekktur og vinsæll miðill meðal íslenskra kvenna, erum við spennt yfir að geta sniðið efnistökin í blaðinu sérstaklega að íslenskum markaði.“

Ísland bætist þar með í góðan hóp sextán landa sem gefa út sínar eigin útgáfur af tímaritinu Glamour, á vef og prenti. Brasilía, Suður-Ameríka (spænsk útgáfa), Búlgaría, Frakkland, Þýskaland, Ungverjaland, Ítalía, Mexíkó, Holland, Pólland, Suður-Afríka, Rúmenía, Rússland, Spánn, Bretland og Bandaríkin eru öll með eigin útgáfur. Lesendur blaðsins á heimsvísu eru um 11,7 milljónir á mánuði.

Nánari dagsetning á útgáfu Glamour á Íslandi verður auglýst síðar.

andri@frettabladid.is




**VINSÆLT TÍSKUTÍMARIT** Glamour er með 11,7 milljón lesendur á heimsvísu. Ísland bætist í hóp 16 landa sem gefa út sínar eigin útgáfur af blaðinu.

## → Eitt stærsta útgáfufyrirtæki í heiminum í dag

Condé Nast International er eitt stærsta og virtasta fjölmiðlafyrirtæki í heiminum í dag. CNI er núna starfrækt á 27 mörkuðum, gefur út 126 tímarit, heldur úti nálægt 100 vefsíðum og yfir 200 smáforritum fyrir síma og spjaldtölvur. Undir hatti fyrirtækisins má finna virt vörumerki á borð við Vogue, GQ, Glamour, Wired, Condé Nast Traveller, AD og Vanity Fair.

Meðal nýjustu útgáfa CNI er Vanity Fair í Frakklandi, Condé Nast Traveller í Kína og í Mið-Austurlöndum, Vogue í Taílandi, Úkraínu og Hollandi, GQ í Tyrklandi, Glamour í Brasilíu, AD á Indlandi og Allure í Rússlandi.

Auk hefðbundinnar fjölmiðlaútgáfu hefur CNI staðið að stórum viðburðum í tískuheiminum eins og Vogue's Fashion Night Out, GQ Men of the Year-verðlaunin og Glamour Women of the Year. Nýlega opnaði CNI sinn eigin skóla í London, the Condé Nast College of Fashion & Design.


HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Bankasamband Evrópu og áhrif þess á EFTA-ríkin

Lagadeild Háskólans í Reykjavík heldur hádegisfund þriðjudaginn 20. maí kl. 12-13 í dómsal lagadeildar á 1. hæð í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1.

Á fundinum mun **Peter Chr. Dyrberg** kynna hvað felst í stofnun Bankasambands Evrópu sem er nú að verða að veruleika og fjalla um möguleg áhrif þess á EFTA-ríkin. Peter er einn af eigendum norsku lögmannsstofunnar Schjødt og stýrir skrifstofu hennar í Brussel.

Eftir erindið mun gefast tækifæri á fyrirspurnum og umræðum.

Fundarstjóri verður Kristín Haraldsdóttir, sérfræðingur við lagadeild HR.

Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er öllum opinn, aðgangur er ókeypis.

hr.is
haskolinnireykjavik
#haskolinnrvk

ENNEMM / SÍA / NM62401

Leiðréttingin

# Sækjum um leiðréttingu vegna húsnæðislána

Við hvetjum viðskiptavini Íslandsbanka sem eru með húsnæðislán hjá okkur eða öðrum lánastofnunum til að sækja um höfuðstólsleiðréttingu vegna verðtryggðra húsnæðislána.

Þú getur sótt um leiðréttinguna með einföldum hætti á vef ríkisskattstjóra, **www.rsk.is**

Íslandsbanki bendir viðskiptavinum sínum á að kynna sér leiðréttinguna vel á islandsbanki.is/leidretting

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

Steypugljái á stéttina í sumar



1 gallon og 5 gallon

Butterfield Clear Guard „Sealer“ frá Marshalltown.

Steypugljáinn sem endist!

Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT


# Bætur þarf frá ríki ef hækkun er afturvirk

Aðeins Sóltún getur orðið við kröfum starfsmanna um afturvirka hækkun launa, segir formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Ótímabundið verkfall boðað.



**Á HJÚKRUNARHEIMILI** 400 til 500 lögðu niður störf í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KJARAMÁL** Nær engin hjúkrunarheimili innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu munu geta orðið við kröfum Sjúkraliðafélags Íslands og SFR um hærri laun afturvirkt fái þau ekki launabætur frá ríkinu.

Þetta segir Gísli Páll Pálsson, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og forstjóri Markar hjúkrunarheimilis.



**GÍSLI PÁLL PÁLSSON**

Sjúkraliðar vilja sömu hækkun og sjúkraliðar hjá ríkinu fengu með jafnlaunaátaki í fyrra, það er 4,8 prósent. Þeir vilja jafnframt 2,8 prósenta hækkun eins og aðrir fá með nýjum samningum.

„Þetta snýst um tugi milljóna króna. Hjúkrunarheimilin verða ekki gjaldþrota en við munum ekki geta borgað út laun ef við fáum ekki launabætur frá ríkinu fyrir samsvarandi tímabil. Sóltún er eina hjúkrunarheimilið sem er með alvöruþjónustusamning við ríkið. Það fær launabætur óháð öllum samningum. Mér þætti ólíklegt að nokkurt annað hjúkrunarheimili gæti gert þetta,“ segir Gísli Páll.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir það ekki hlutverk starfsmanna stofnananna að sjá um að þær hafi möguleika á að reka sig.

„Ríkisstarfsmenn hafa verið með 4,8 prósentum hærri laun síðan í fyrra. Okkar launakröfur snúast um að fá sambærilega hækkun og jafnlaunaátakið var á sínum tíma og svo hækkunina samkvæmt kjarasamningunum við ríkið nú í ár.“

Kristín kveðst bjartsýn á að samningar náist fyrir fimmtudag. Þá er boðað ótímabundið verkfall sjúkraliða og félaga í SFR á um 20 hjúkrunarheimilum.

Í gær lögðu 400 til 500 starfsmenn niður vinnu á hjúkrunarheimilunum. Gísli Páll segir starfsemina á Mörk hafa gengið ágætlega miðað við aðstæður. „En verði ekki samið fyrir fimmtudag er ég hr æddur um að það geti orðið langt verkfall.“

Á vef SÁÁ segir að starfsemi á Vogi, Staðarfelli og Vík muni að óbreyttu stöðvast ef til allsherjarverkfalls kemur. Göngudeildir SÁÁ í Reykjavík og á Akureyri voru lokaðar í gær vegna sólarhrings vinnustöðvunar ráðgjafa og sjúkraliða.

ibs@frettabladid.is





siminn.is/listahatid

# Veiðikappar aðstoða við leitina í Nígeríu

Nígeríska hernum hefur bæst liðsauki af ólíku tagi við leitina að stúlkunum sem liðsmenn Boko Haram rændu. Annars vegar drónar frá Bandaríkjaher, hins vegar vanir veiðimenn vopnaðir frumstæðum eiturspjótum og fornum verndargripum.



**VÍGALEGIR** Veiðimenn í Nígeríu safnast saman til að taka þátt í leitinni að stúlkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**NÍGERÍA, AP** Nokkur hundruð veiðimenn, vopnaðir heimasmíðuðum byssum, verndargripum og frumstæðum eiturspjótum, hafa ákveðið að taka þátt í leitinni að hátt í þrjú hundruð stúlkum, sem liðsmenn öfgasamtakanna Boko Haram rændu í norðaustanverðri Nígeríu í síðasta mánuði.

Þeir segjast hafa beðið í hálfan mánuð eftir samþykki frá nígeríska hernum, en nú sé þeim ekkert að vanbúnaði lengur. Nú geti þeir farið að nota þekkingu sína og hæfileika til þess að aðstoða herinn við leitina að stúlkunum.

„Við höldum því ekkert fram að við séum betri en hermennirnir, en við þekkjum skóginn betur en hermennirnir,“ segir Sarkin Baka.

Alls eru þetta um 500 manns á aldrinum frá 18 ára upp í áttrætt, allir valdir sérstaklega til verksins vegna hæfileika sinna og kunnáttu.

Nígeríuher hefur einnig bæst liðsauki úr allt annarri átt, nefnilega frá nútímavæddum her Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Spánar og Ísraels.

Bandaríkjaher sendir bæði leitarflugvélar og fjarstýrð flygildi sem búin eru myndavélum.

Stúlkunum var rænt um miðjan apríl úr heimavistarskóla skammt frá bænum Chibok í Borno-ríki. Talið er að ræningjarnir hafi ekið með þær inn í Sambisa-skóginn, sem er þar nærri. Fregnir hafa borist af því að sumar þeirra hafi verið þvingaðar til einhvers konar hjónabands, en sumar hafi verið fluttar yfir landamærin til Kamerún.

Aðstandendur stúlknanna hafa gagnrýnt nígerísk stjórnvöld fyrir að hafa brugðist seint og illa við.

Nígeríski herinn segist engu að síður hafa lagt sig allan fram við leitina að stúlkunum: „Hersveitir okkar eru þarna úti að fínkemba skógana og alla aðra staði, sem hugsanlega koma til greina. Alþjóðlegur stuðningur hjálpar einnig til við leitina,“ segir Mike Omeri, talsmaður Nígeríustjórnar.

Veiðimennirnir segjast hins vegar hafa ákveðið að skerast í leikinn þar sem þolinmæði þeirra sé á þrotum: „Við erum þaulvanir veiðimenn, skógurinn er heimavöllur okkar og við búum yfir kröftum sem hvorki byssur né hnífar vinna á. Við erum alvöru kjarkmenn, við treystum á Allah okkur til verndar en við erum ekki hræddir við Boko Haram.“

gudsteinn@frettabladid.is

## HEIMURINN




### Eiturgas hunsað í kolanámu

**1** **TYRKLAND** Eiturgas hafði safnast upp í kolanámunni í Tyrklandi, þar sem mikil sprenging varð svo í síðustu viku með þeim afleiðingum að um 300 manns létu lífið. Yfirmenn námunnar virðast hins vegar ekki hafa tekið mark á nemum, sem sýndu að eiturgasið væri orðið hættulega mikið. Nokkrir yfirmenn fyrirtækisins hafa verið handteknir, sakaðir um að hafa valdið dauða fjölda fólks.

### Saka Kínverja um netnjósnir

**2** **BANDARÍKIN** Bandarísk stjórnvöld saka Kínverja um netnjósnir. Fimm kínverskir netþrjótar, allt saman yfirmenn í kínverska hernum, hafa verið ákærðir í Bandaríkjunum, sakaðir um að hafa brotist inn á vefi fyrirtækja á borð við Alcoa World Alumina, Westinghouse Electric, Allegheny Technologies og SolarWorld í þeim tilgangi að komast yfir viðskiptaleyndarmál þeirra.

### Reynt að trufla kosningar

**3** **ÚKRAÍNA** Uppreisnarmenn í austanverðri Úkraínu hafa beitt hótunum í von um að geta truflað forsetakosningarnar, sem haldnar verða á sunnudaginn. Kjörnefndarmenn hafa fengið líflátshótanir, og nú er svo komið að veruleg hætta virðist geta steðjað að hverjum þeim sem kemur nálægt framkvæmd kosninganna. Jafnvel almennir kjósendur eru orðnir hræddir við að fara á kjörstað, því það geti kostað þá lífið.



**HERMENN Í ÚKRAÍNU** Uppreisnarmenn reyna að koma í veg fyrir forsetakosningar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


№28
2014

Síminn

ding frá opnunarverki
r Reykjavíkur

Sjáðu og heyrðu Turiya eftir Högna Egilsson í miðbænum og á siminn.is/listahatid

Síminn fagnar Listahátíð í Reykjavík og gerir öllum kleift að fylgjast með flutningi Högna Egilssonar á tónsmíð sinni Turiya í beinni útsendingu. Verkið verður meðal annars flutt með kirkjuklukkum í miðborginni.

Bein útsending frá **Tjörninni í Reykjavík** hefst **kl. 17.30 fimmtudaginn, 22. maí**

Komdu og fylgstu með flutningi Högna Egilssonar eða njóttu hans í tölvunni eða snjalltækinu á stærsta farsímaneti landsins.




ENNEMM / NM62605

143. LÖGGJAFARÞING ÞJÓÐARINNAR GERT UPP

# Alþingi er ekki viljalaust verkfæri

**Þingforseti segir að stjórnarfrumvörp taki oft miklum breytingum í meðförum þingsins. Steingrímur J. Sigfússon er ræðukóngur yfirstandandi þings. Ögmundur Jónasson flytur lengstu þingræðurnar. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra talar mest af öllum ráðherrunum.**

**Jóhanna Margrét Einarsdóttir**
johanna@frettabladid.is

„Alþingi er ekki viljalaust verkfæri framkvæmdarvaldsins og ég held að gagnrýni um það í fortíðinni eigi ekki við rök að styðjast," segir Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis. Hann segir að þegar skoðuð séu þingmál sem ríkisstjórnin leggi fyrir þingið þá blasi við að slík mál taki oft miklum breytingum í meðförum þingsins. Einar segir að mál taki oft meiri breytingum á Alþingi en sambærileg mál á þjóðþingum annarra þjóða.

Þingið afgreiddi álíka mörg mál á yfirstandandi þingi og á undanförnum þingum. Alls varð 91 frumvarp að lögum og 48 þingsályktanir voru samþykktar. Á 141. löggjafarþingi urðu 97 frumvörp að lögum og 27 þingsályktanir voru samþykktar. Á 140. löggjafarþinginu urðu 95 frumvörp að lögum og 50 þingsályktunartillögur voru samþykktar.

Á yfirstandandi þingi var lengst rætt um fjárlög; umræða um þau stóð í rúmar 47 klukkustundir og næstlengst var rætt um Evrópusambandið, eða í 27 klukkustundir. Umræður um fjárlög voru raunar mun lengri á 141. löggjafarþinginu – þá stóðu umræður um fjárlög í nærri 75 klukkustundir.

Lengsta umræðan um einstakt mál á 140. löggjafarþinginu var um veiðigjöld, en hún stóð í tæplega 70 klukkustundir.

### Alþingi að breytast

Einar K. Guðfinnsson sagði þegar hann sleit Alþingi að störf þingsins væru að breytast. Hann tiltók að sú þróun væri að festast í sessi að þingmanna- og nefndarmál væru að verða stærri hluti þeirra mála sem afgreidd eru á hverju þingi.

Einar segir að þessi þróun hafi hafist 2008 til 2009 en á þessu þingi hafi verið samþykkt fleiri þingmannamál en um langt árabil.

Fjögur þingmannafrumvörp voru samþykkt og 22 þingmannatillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis.

Á 139. löggjafarþingi, 2010-2011, voru 24 þingmannamál afgreidd og höfðu þá aldrei verið fleiri.

Þingforseti segir jafnframt að til viðbótar eiginlegum þingmannamálum hafi 13 nefndarfrumvörp orðið að lögum á yfirstandandi þingi og auk þess hafi sjö nefndartillögur verið samþykktar sem ályktanir Alþingis.

### Menn tala mismikið

Þingmenn töluðu í næstum 600 klukkutíma á haust- og vorþingi, eða í tæpar 15 vinnuvikur.

Ókrýndur ræðukóngur þessa þings er Steingrímur J. Sigfússon, VG. Alls flutti Steingrímur 179 þingræður. Meðallengd hverrar ræðu var 6,5 mínútur. Hann gerði 290 athugasemdir og talaði þá að meðaltali í 1,7 mínútur.

Árni Páll Árnason, Samfylkingunni, talaði næstmest. Hann flutti 140 þingræður, meðallengd hverrar var 5,4 mínútur og Árni Páll gerði 274 athugasemdir og talaði að meðaltali í 1,5 mínútur.

Ögmundur Jónasson hélt lengstu ræðurnar á yfirstandandi þingi. Meðallengd hverrar ræðu Ögmundar var 8,5 mínútur.

Höskuldur Þórhallsson hélt heldur styttri ræður. Meðallengd hverrar ræðu sem hann flutti var 6,6 mínútur.

Þegar litið er yfir ræðutíma þingmanna virðast konur flytja heldur styttri ræður en karlar.

Þeir sem hafa setið lengur á þingi halda yfirleitt aðeins lengri ræður en þeir sem komu nýir á þing fyrir ári.

Bjarni Benediktsson talaði mest af þeim sem sitja í ríkisstjórn. Hann talaði í 1.071 mínútu en forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, talaði í 342 mínútur.

Framsóknarmenn tala minna en þingmenn annarra flokka. Af þeim fimm sem tala styst eru fjórir framsóknarmenn.

→ Flest þingmál eru afgreidd í sátt. Þrjú af hverjum fjórum lagafrumvörpum sem þingið samþykkir eru afgreidd í efnislegu samkomulagi.

## TÖLULEGAR STAÐREYNDIR ÚR ÞINGINU

| Löggjafarþing | nr. 140 | nr. 141 | nr. 143 |
|---|---|---|---|
| **Frumvörp** sem urðu að lögum | 91 | 97 | **91** |
| Samþykktar **þingsályktunartillögur** | 50 | 27 | **48** |
| **Þingfundir** | 129 | 114 | **121** |
| **Lengd þingfunda** í klukkustundum | 846 | 661 | **596** |
| Fjöldi **nefndarfunda** | 584 | 483 | **503** |
| **Lengd nefndarfunda** í klukkustundum | 1037 | 788 | **895** |

2010-2011
24 þingmannamál samþykkt

**2013-2014**
26 þingmannamál samþykkt

*142. löggjafarþing var stutt sumarþing og því ekki með í samantektinni*

PIPAR\TBWA • SÍA • 141516




HSÍ
Olís er stoltur styrktaraðili úrvalsdeildar karla og kvenna á Íslandsmótinu í handbolta.

## MÁLGLÖÐ OG FÁORÐ Á ÞINGI

**➜ Þessi töluðu mest á 143. löggjafarþingi**


**1.615 mínútur**
*Steingrímur J. Sigfússon*


**1.156 mínútur**
*Árni Páll Árnason*


**1.074 mínútur**
*Bjarkey Gunnarsdóttir*


**1.061 mínúta**
*Guðbjartur Hannesson*


**1.031 mínúta**
*Bjarni Benediktsson*

**➜ Þessi töluðu minnst á 143. löggjafarþingi**


**55 mínútur**
*Jóhanna María Sigmundsdóttir*


**67 mínútur**
*Haraldur Einarsson*


**76 mínútur**
*Þórunn Egilsdóttir*


**78 mínútur**
*Líneik Anna Sævarsdóttir*


**86 mínútur**
*Elín Hirst*


Rýmum fyrir
nýjum vörum
Reykjavík & Akureyri

Sendum frítt
úr vefverslun
lindesign.is



Allt að 50%
afsláttur

Lín
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 5332220

OLÍS ÓSKAR NÝKRÝNDUM ÍSLANDSMEISTURUM ÍBV OG VALS
INNILEGA TIL HAMINGJU MEÐ TITLANA
OG FRÁBÆRAN ÁRANGUR Í OLÍS-DEILDINNI Í VETUR.



olís DEILDIN
olís

# SKOÐUN

Átök um landbúnaðarstyrki í Noregi:

## Hægri stjórn með pólitískan kjark

Ríkisstjórn Hægriflokksins og Framfaraflokksins í Noregi á nú í harðri deilu við hagsmunaöfl í norskum landbúnaði um ríkisstyrki til atvinnugreinarinnar. Bændur eru svo óhressir með afstöðu nýju stjórnarinnar að þeir hafa efnt til mótmæla víða um land, meðal annars ekið um miðborg Óslóar á dráttarvélunum sínum og hindrað flutning eggja til verzlana.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Samt leggur ríkisstjórnin ekki til neina umbyltingu eða stórfelldan niðurskurð á landbúnaðarstyrkjunum, sem hafa verið ríflegir í Noregi rétt eins og hér á Íslandi. Bændasamtökin vildu nýjan samning um hækkun styrkjanna upp á 1.500 milljónir norskra króna, eða 28 milljarða íslenzkra króna, en stjórnin býður aðeins tíunda hluta þeirrar upphæðar. Samt er norski ríkissjóðurinn einn sá bezt setti í Evrópu og þótt víðar væri leitað.

Ríkisstjórnin vill líka breyta því hvernig styrkjunum verður úthlutað og beina þeim í vaxandi mæli til stærri og hagkvæmari búa. Þannig á að þrefalda þakið á mjólkurkvóta sem kúabændur geta fengið styrk út á.

Þetta er í takti við efnahagsstefnu norsku stjórnarinnar að öðru leyti, sem miðar að því að auka skilvirkni, framleiðni og hagkvæmni í norsku atvinnulífi og styrkja þannig samkeppnisstöðu landsins. Stefnan gengur hins vegar gegn þeirri sveitarómantík að grunneiningin í norskum landbúnaði sé fjölskyldubúið. Meðalmjólkurbúið í Noregi er ekki með nema 24 kýr, en hér á landi er meðalbúið til dæmis með 38 árskýr.

Í máli andstæðinga breytinganna kveður við ýmislegan kunnuglegan tón; margir gagnrýna að breytt kerfi leiði af sér verksmiðjubúskap; sumir eru tilbúnir að lýsa því yfir að heilu sveitirnar leggist í auðn af því að smærri búin verði undir í samkeppninni og samtök bænda halda fram að breytingarnar leiði af sér meiri innflutning búvöru og þar með minna fæðuöryggi.

Norska stjórnin situr engu að síður fast við sinn keip. Bændasamtökin hafa nú slitið viðræðum um nýjan búvörusamning og stefnir í að stjórnin leggi fyrir Stórþingið tillögu, sem byggist á tilboði stjórnarinnar.

Bændur hóta hins vegar áframhaldandi aðgerðum til að þrýsta á að Stórþingið felli tillögu stjórnarinnar, en hún er minnihlutastjórn sem mun þurfa stuðning Venstre og Kristilega þjóðarflokksins til að koma málinu í gegnum þingið.

Breytingarnar sem norska stjórnin leggur til á landbúnaðarkerfinu þar í landi eru ekki endilega þær sem íslenzka landbúnaðarkerfið þarf mest á að halda. Þær munu heldur ekki breyta því að Noregur mun áfram búa við dýrt og óskilvirkt kerfi, rétt eins og Ísland. Miklu meira þarf að koma til. Þær sýna hins vegar að þar í landi hafa stjórnvöld pólitískan kjark til að takast á við vel skipulagða sérhagsmuni og halda ekki bara áfram að borga sömu styrkina og venjulega.

Hér á landi hefur engin tilraun verið gerð til þess, þrátt fyrir erfiða tíma í ríkisfjármálum, að gera neinar grundvallarbreytingar á dýru og óhagkvæmu landbúnaðarkerfi. Það er til marks um pólitískt kjarkleysi, sem því miður sér ekki fyrir endann á.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Kjörið formsatriði**

Svo virðist sem sveitarstjórnarkosningarnar sjálfar séu hálfgert formsatriði í Hafnarfirði. Þar eru stjórnarviðræður hafnar milli Sjálfstæðisflokksins og Bjartrar framtíðar, en nýjustu kannanir sýna að flokkarnir gætu náð meirihluta. Einn frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins sagðist ekki getað neitað því að viðræður væru hafnar á Facebook-síðu sinni, en oddvitinn, Rósa Guðbjartsdóttir, neitar því alfarið að „formlegar“ viðræður séu farnar af stað.



**Allir óánægðir**

Andstæðingar Evrópusambandsins hafa verið duglegir við að tjá sig um óánægju sína með það að tillaga utanríkisráðherra um afturköllun aðildarumsóknar Íslands að ESB skuli ekki hafa verið afgreidd á nýyfirstöðnu þingi. Bæði Björn Bjarnason og Styrmir Gunnarsson skrifuðu pistla á Evrópuvaktina um helgina þar sem þeir lýsa skoðunum sínum og segja um að ræða uppgjöf Alþingis í málinu. Svo virðist sem ríkisstjórninni hafi tekist með niðurstöðu sinni í málinu að gera alla óánægða, hvort sem þeir eru fylgjandi ESB eður ei.



**Múrmeldýrið**

Björgólfur Thor Björgólfsson gerir nýja bók Ólafs Arnarsonar, Skuggi sólkonungs, að umtalsefni í pistli á heimasíðu sinni. Hann segir hana bæði ranga og haldna ósannindum á köflum, þar sem farið sé yfir einkavæðingu bankanna á hundavaði. Þá segir hann að það að lesa hana sé svipað og að horfa á kvikmyndina Groundhog Day, ekkert breytist, sami dagurinn rennur upp æ ofan í æ. Að endingu segir Björgólfur að ef múrmeldýrið sjái skugga sinn verði veturinn lengri, nú sé hins vegar orðið löngu tímabært að birti yfir umræðunni.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Eftirsóttir varahlutir

SAMFÉLAG



Silja Dögg Gunnarsdóttir
þingkona Framsóknarflokksins

Mikil umræða skapaðist um breytingar á lögum um líffæragjafir í kjölfar hörmulegs bílslyss þar sem tvö ungmenni létu lífið í janúarmánuði. Þörf á líffæragjöfum fer vaxandi þar sem hlutfall eldri borgara eykst. Líffæri geta bjargað mannslífum og aukið lífsgæði fólks. Flestir vilja láta gott af sér leiða og gefa líffæri sín ef mögulegt er en þó eru ýmsar siðferðislegar og praktískar spurningar sem vakna þegar til umræðu er að breyta lögum á þann veg að gert verði ráð fyrir ætluðu samþykki fyrir líffæragjöf.

**Ekki tímabærar lagabreytingar**

Undirrituð lagði fram frumvarp á haustmánuðum þar sem lögð er til breyting á lögum um brottnám líffæra nr. 16/1991. Takmark lagabreytinganna er að fjölga líffæragjöfum. Frumvarpið hefur verið til umfjöllunar hjá velferðarnefnd Alþingis í allan vetur og nefndin hefur skoðað málin niður í kjölinn með því að fá umsagnir og heimsóknir frá ýmsum sem málinu tengjast. Nefndin lagði fram nefndarálit með frávísunartillögu nýlega og Alþingi samþykkti hana. Málið er þó ekki tapað. Menn eru sammála um að brýnt sé að fjölga líffæragjöfum. Nefndin telur hins vegar ekki tímabært að leggja til þessa grundvallarlagabreytingu þar sem breytingin ein og sér hefur ekki tilætluð áhrif skv. reynslu annarra þjóða og einnig gæti hún vegið að sjálfsákvörðunarrétti einstaklinga.

**Skref í rétta átt**

Þess ber að geta að þetta mál hefur verið flutt tvisvar áður á Alþingi og því telst þessi afgreiðsla viss áfangasigur fyrir framgöngu þess þó svo að lagabreytingin hafi ekki verið samþykkt. Málið er flókið og afar viðkvæmt að mörgu leyti. Eins og fyrr segir þá var samþykkt á Alþingi þann 12. maí að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem unnið verði áfram að málinu og nokkur atriði tekin til sérstakrar skoðunar, m.a. að útbúið verði fræðsluefni um líffæragjöf, markvisst verði unnið að þjálfun og fræðslu heilbrigðisstarfsfólks og aðgengilegt verði fyrir einstaklinga að skrá vilja sinn til líffæragjafa. Gert er ráð fyrir að ráðherra skili Alþingi skýrslu á vorþingi 2015 þar sem fram komi niðurstaða þeirrar vinnu sem lögð er til.

Einnig leggur nefndin til að 29. janúar ár hvert verði dagur líffæragjafa. Þar með haldi umræðan um þessi mál áfram í þjóðfélaginu og veki fólk til vitundar um mikilvægi þess að skrá sig sem líffæragjafa. Vonandi eru þetta allt lítil skref í rétta átt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ég er að drepast...

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



> Í dag er algengt að sjúklingar greini sig sjálfir með hjálp internetsins og í mörgum tilvikum hafa þeir rétt fyrir sér. Það er hins vegar leikur einn að finna sér sjúkdóm sem passar við einkenni þess sem hefur ekki næga þekkingu til að mismunagreina og þannig mögulega vekja upp áhyggjur sem geta verið með öllu óþarfar.

Þetta er býsna algeng kvörtun sem læknar fá um allt mögulegt nánast milli himins og jarðar. Mjög oft er um að ræða minniháttar vanda en í sumum tilvikum er raunverulega um líf eða dauða að tefla. Það er alls ekki óalgengt að fólk færi aðeins í stílinn eða menn noti þetta orðalag til að leggja áherslu á það hversu mikið þeir finna til eða upplifa einkenni sín.

Mörg vandamál geta verið býsna hvimleið og valdið ómældum óþægindum hjá viðkomandi þannig að það er akkúrat engin biðlund eftir þjónustu. Ef hún ekki fæst á svipstundu getur fjandinn verið laus hjá sumum. Þá eru það hinir sem bera óþægindi sín án þess að himinn og jörð séu að farast. Þetta eru auðvitað einna helst karaktereinkenni sem koma fram undir þessum kringumstæðum og er að vissu leyti áhugaverð upplifun fyrir lækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn að fylgjast með hegðun sjúklinga.

Læknisfræði snýst um að lækna sjúkdóma, en ekki síður um að líkna eða lina þjáningar og svo auðvitað um samskipti og fræðslu. Þannig má ekki gera lítið úr því sem sjúklingurinn upplifir, en á stundum þarf hann fyrst og fremst hughreystingu og samkennd, sérstaklega þegar lítið er hægt að gera fyrir hann í formi lyfja eða beinnar meðferðar. Tökum nokkur dæmi þessu til útskýringar; sá sem fær í bakið skyndilega getur upplifað sig eins og hann hafi verið skotinn og nauðsynlegt sé að gera eitthvað strax. Eðlilegt er að meta viðkomandi en í langflestum tilvikum er meðferðin einföld, myndgreining er óþarfi og tíminn notaður til að lækna vandann.

**Auðvelt að meðhöndla**

Ýmsar sýkingar geta kallað fram einkennið „að vera að drepast“ og sem betur fer er oftsinnis hægt að koma í veg fyrir slíkan dauðdaga með einföldum hætti. Hálsbólga er algengt fyrirbæri sem veldur þessari líðan, eyrnabólgur geta líka verið býsna flóknar að glíma við því þar kemur við sögu sjúklingur sem getur illa tjáð sig og foreldrar sem eru áhyggjufullir og líða með barni sínu. Í flestum tilvikum eru þessi vandamál á grundvelli veirusýkingar, en ekki af bakteríutoga og þá duga engin sýklalyf. Hughreysting og fræðsla kemur sér þá vel. Sveppasýkingar eða þvagfærasýkingar hjá konum og körlum valda oft miklum óþægindum og sem betur fer er alla jafna auðvelt að meðhöndla þær og er það jafnan mjög þakklátt.

Það er erfitt að drepast úr þreytu, en sannarlega geta verið ýmsar orsakir fyrir slappleika og orkuleysi og er það ákveðin áskorun að finna hana hjá aðilum sem hafa ekki fengið skýringu jafnvel yfir langan tíma. Rétt er að kanna með hormónabúskap og járn sem dæmi, en algengara er að konur glími við vanda þar en karlar. Þá ætti að skoða kæfisvefn sem er vangreint vandamál sem orsök þreytu. Ekki má gleyma andlegri vanlíðan og streitu sem getur haft verulegar afleiðingar á orku og getu viðkomandi. Þá er ýmsa alvarlega undirliggjandi sjúkdóma, sambanber krabbamein, hjarta- og æðasjúkdóma, lungnasjúkdóma og lifrarsjúkdóma svo dæmi séu tekin, sem ber að hafa í huga við uppvinnslu. Ekkert af þessu er yfirleitt bráðavandi.

**Samvinna mikilvæg**

Í dag er algengt að sjúklingar greini sig sjálfir með hjálp internetsins og í mörgum tilvikum hafa þeir rétt fyrir sér. Það er hins vegar leikur einn að finna sér sjúkdóm sem passar við einkenni þess sem hefur ekki næga þekkingu til að mismunagreina og þannig mögulega vekja upp áhyggjur sem geta verið með öllu óþarfar. Gæði upplýsinga á netinu geta einnig verið æði misjöfn og lykilatriði að geta greint á milli þess sem skiptir máli og hins sem gerir það ekki. Samspil og samvinna læknis og sjúklings í leitinni að vanda viðkomandi er mikilvæg og því skiljanlegt að óþolinmæði gæti ef ekki fæst svör hratt og örugglega. Skilgreiningin á bráðum vanda er hins vegar sú að hann er lífshættulegur ef ekki er við honum brugðist. Slík vandamál fá eðlilega forgang og eiga rétt á tafarlausri afgreiðslu, til dæmis á bráðamóttöku sjúkrahúss eða vaktþjónustu.

Samkvæmt sömu skilgreiningu geta þá önnur vandamál beðið, sem er óásættanlegt fyrir viðkomandi sem við þau glímir, hann er jú að drepast. Nauðsynlegt er því að tryggja gott aðgengi að almennri heilbrigðisþjónustu á dagvinnutíma. Ganga að traustum upplýsingum til sjúklinga í gegnum internetið og efla lifandi ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks í gegnum síma og snjalltæki. Þannig myndum við slá margar flugur í einu höggi.

## TÍSTIÐ



Logi Pedro
@logifknpedro
19. maí
Og þessi Snapchat-auglýsing hjá Heimdalli. Það ætti einhver að vera rekin/n fyrir hana. #realtalk



Áslaug Friðriksdóttir
@aslaugf
17. maí
Það er hagur allra Rvkinga að borgarbúum fjölgi og borgin dafni, ef Reykjavik stenst ekki samkeppni þá fellur verð.



Kristín Soffía
@KristinSoffia
19. maí
Ég vil að Ungir sjálfstæðismenn séu farnir heim í Garðabæ áður en ég skokka niður í bæ eldsnemma að drekka minn latté.



Guðmundur Hörður
@gudmundurhordur
17. maí
Skemmtileg tilbreyting að hlusta á útlendinga tala illa um Ísland, bölva veðrinu og metrakerfinu.

Afsláttur: 600.000

VW Tiguan Trend&fun Tdi
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 54.000 km,
beinskiptur
Ásett verð:
4.750.000
KJARAKAUP:
4.150.000




Afsláttur: 500.000




Subaru Legacy Sport
sedan Árgerð 2009, dísil
Ekinn 82.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.990.000
KJARAKAUP: 2.490.000

Afsláttur: 600.000




Kia Sorento 33”
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 135.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.390.000
KJARAKAUP: 1.790.000

Afsláttur: 400.000




Toyota Auris 1400 Sol MM
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 103.000 km, mm-skipting
Ásett verð: 2.150.000
KJARAKAUP: 1.750.000

KJARAKAUP
Úrval notaðra bíla á **einstöku** verði í **takmarkaðan tíma**

HEKLA býður í stuttan tíma einstök kjör á völdum notuðum bílum á meðan birgðir endast. Fyrstir koma, fyrstir fá. Bílarnir eru til sýnis hjá HEKLU, Laugavegi 170-174 eða umboðsmönnum HEKLU á landsbyggðinni. Kjarakaup HEKLU gera þér kleift að eignast gæðabíl á einstöku verði.

Afsláttur: 940.000




Audi Q7 4,2
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 103.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.890.000
KJARAKAUP: 3.950.000

Afsláttur: 500.000




Mazda 6 Wagon T
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 167.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.490.000
KJARAKAUP: 990.000

Afsláttur: 500.000




Opel Astra 1600 Enjoy
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 100.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.590.000
KJARAKAUP: 1.090.000

Afsláttur: 400.000




Toyota Corolla 1,4 VVTi
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 99.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.390.000
KJARAKAUP: 990.000

Afsláttur: 600.000




Suzuki Grand Vitara
Premium+ Árgerð 2011, bensín
Ekinn 91.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.490.000
KJARAKAUP: 2.890.000

Afsláttur: 1.000.000




Toyota Land Cruiser 150 GX
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 71.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.550.000
KJARAKAUP: 7.550.000

Kíkið inn á:
heklanotadirbilar.is

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

# Óleystur skuldavandi áfram

FJÁRMÁL



Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

Hrunið skapaði á Íslandi og víða annars staðar skuldavanda einstaklinga, fyrirtækja og ríkja. Skuldavandi lýsir sér í því að geta til að greiða afborganir brestur eða þá að skuldir verða hærri fjárupphæð en eignir. Hvorugt þessa var til staðar þegar lánin voru tekin en hrun gjaldmiðils, óðaverðbólga eða atvinnumissir breytir því. Skuldavandi getur orðið að fjölskylduharmleik séu engin úrræði til. Í rannsókn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 2011 á úrræðum samfélaga við skuldavanda kom í ljós að þau voru hvergi eins umfangsmikil og á Íslandi. Nýjar tölur hafa leitt í ljós að margir hafa alfarið losnað úr skuldavanda, hjá öðrum hefur hann minnkað og með hreyfingu á fasteignamarkaði hafa hlutfallslega fáir þurft að selja eignir og minnka við sig.

Enn er þó eftir óleystur skuldavandi meðal Íslendinga. Ef fólk þarf – svo nokkur dæmi séu tekin – að greiða svo hátt hlutfall tekna sinna í afborganir að það safnar skuldum áfram, er skuldavandi fyrir hendi. Ef lán hafa hækkað mun meira en sem nemur verðmæti eignar og ekki eru líkur á að sú staða lagist í bráð. Sama á við ef söluverð eignar dugar ekki fyrir áhvílandi skuld eða ef ógjörningur er að leysa veðlán foreldra sem studdu fyrstu kaup barna sinna á íbúð af eign. Í öllum þessum tilvikum er afkomu og húsnæðisöryggi fólks ógnað og þar með mannréttindum þess.

Þá liggur beint við að spyrja: Leysa ný lög skuldavandann á Íslandi? Svarið er nei. Lögin koma upp kerfi þar sem ríkisskattstjóri úthlutar fé til allra með tiltekin lán eftir reiknireglu sem er ekki lögbundin heldur eitthvað sem fjármálaráðherra ákveður á einhvern óþekktan hátt sem ekki er opinber né birt almenningi hver verður.

**Helber tilviljun**

Einhverjir þeirra sem munu fá verða vissulega fólk í skuldavanda. En það er helber tilviljun.

Tugir milljarða af skattfé fara þannig frá ríkissjóði til lántakenda óháð því hvort þeir séu milljónaeða jafnvel milljarðamæringar eða fólk í skuldavanda sem orðið hefur fyrir tjóni. Útkoman er sú að fólk í skuldavanda fær ekki nóg til að losna. Algerlega er horft framhjá því að fjöldi fólks hefur hagnast á fasteignakaupum og ekkert tjón beðið. Engin tilraun er gerð til að miða peningaframlag ríkisins að því að leysa skuldavanda að fullu. Í þess stað er fé dreift óháð skuldabyrði eða eignastöðu, með öðrum orðum: Óháð skuldavanda. Fjármálaráðherra, höfundur laganna, sagði enda við Kastljós að með þeim útdeildi hann ekki réttlæti.

Fólkið sem eins og fyrr sagði er svipt mannréttindum vegna skuldavanda er það áfram. Dýrasti reikningur ríkissjóðs – sem kostar meira en heilbrigðiskerfið í heild – læknar ekki og líknar ekki einu sinni heldur dreifir peningum markmiðslaust. Engu skiptir þó að allir megi vita og margir vari við að þessi peningadreifing kveiki verðbólgubál. Seðlabanki Íslands hefur reiknað út að verðtryggð lán fjölskyldna á Íslandi hækki af þessum sökum einum um 23 milljarða, eða sem nemur fjórðungi „leiðréttingarinnar“!

Skuldavandinn mun áfram verða á dagskrá Alþingis næstu misseri. Hér er enginn „lokapunktur“ eins og fjármálaráðherra sagði í atkvæðagreiðslu um frumvarpið. Eftir mun sár skuldavandinn standa áfram óleystur. Úrræði samfélagsins til lausnar hans kosta peninga en fjármagnið verður klárað með lögum Bjarna og Sigmundar. Það er sorglegt.

**Augljóslega gagnslaus**

Við í Samfylkingunni studdum tillögu ríkisstjórnarinnar síðasta haust um lagaheimild til Hagstofunnar til söfnunar upplýsinga um skuldavandann. Ríkisstjórnin vildi ekki bíða niðurstöðunnar – vildi ekki vita fyrst og framkvæma svo.

**➜ Skuldavandinn mun áfram verða á dagskrá Alþingis næstu misseri.**

Samfylkingin vildi skattleggja fjármálafyrirtækin til að afla fjár til að leysa þann skuldavanda sem enn var óleystur. Þannig hefði verið hægt að halda áfram afskriftum skulda á grundvelli almennra leikreglna.

Þessar leikreglur eru alþekktar á Norðurlöndum eftir kreppuna þar í upphafi 10. áratugarins. Meginreglurnar um afskriftir óinnheimtanlegra krafna og félagsleg og efnahagsleg réttindi fólks til að hreinsa sig af skuldum og afla sér á ný lánstrausts og efnahagslegs sjálfstæðis liggja þar til grundvallar. Afskriftakostnaðinn eiga fjármálafyrirtæki að bera til að tryggja áhættustýringu þeirra og ábyrgð þeirra gagnvart samfélaginu. Þessar leikreglur eru varanlegar og almennar og skila til framtíðar ábyrgu fjármálakerfi sem er stöðugt og virðir rétt almennings.

Lögin um leiðréttinguna svonefndu sem Alþingi setti fyrir nokkrum dögum eru að minni ágiskun þau fjórtándu sem Alþingi Íslendinga hefur sett frá árinu 2008 vegna skuldavanda. Þau sem á undan fóru byggðust á þessum almennu meginreglum, var beint að tilgreindum skuldavanda og hafa skilað miklum árangri við að leysa skuldavanda tuga þúsunda Íslendinga – svo miklum að úrlausn á þeirra grunni verður dregin frá peningaúthlutunum nú. Nýju lögin byggjast ekki á almennum meginreglum né leiðrétta forsendubrest því á hann er hvergi minnst í þeim.

Lögin eru ákvörðun um peningadreifingu úr sameiginlegum sjóðum sem er einstaklega dýrkeypt og augljóslega gagnslaus til lausnar raunverulegs skuldavanda.

# Þurfa öll börn að byrja í skóla á haustin?

MENNTUN



Pétur Hrafn Sigurðsson
oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi

Í Kópavogi eru um 300 börn á biðlista eftir leikskólaplássi og hafa foreldrar lent í vandræðum vegna þessa. Foreldrar vilja að börn komist í leikskóla þegar fæðingarorlofi lýkur. Bygging nýrra leikskóla til að mæta þörfinni er dýr framkvæmd. Byggja þarf þrjá leikskóla til viðbótar til að anna þörfinni. Kostnaður gæti orðið einn milljarður króna.

Samfylkingin í Kópavogi vill leita leiða til að leysa þetta vandamál. Við viljum skoða breytt fyrirkomulag á upphafi skólagöngu barna í Kópavogi, þannig að grunnskólinn taki tvisvar á ári inn börn úr leikskólanum.

Fyrirkomulagið verði þannig að um áramót á sjötta aldursári hefji börn fædd fyrri hluta árs skólagöngu í grunnskóla og í ágúst það sama ár þau sem fædd eru síðari hluta ársins. Með því að taka helming hvers árgangs, um 250 börn, inn í grunnskóla sex mánuðum fyrr en nú er, skapast rými fyrir jafn mörg börn í leikskólum, sex mánuðum fyrr en nú er. Þannig styttist tíminn sem foreldrar þurfa að brúa frá lokum fæðingarorlofs að skólagöngu.

**Töluverður munur á þroska**

Annar kostur við það fyrirkomulag er að oft er töluverður munur á þroska barna sem fædd eru t.d. í janúar og síðan í desember. Út frá þeim forsendum gæti verið gott fyrir börnin að innritun í skólana fari fram tvisvar á ári.

Við getum tekið dæmi af Jóni og Gunnu sem eignast barn í febrúar 2014 og taka níu mánuði í fæðingarorlof. Því lýkur í nóvember. Þau þurfa leikskólapláss fyrir barnið, en þar sem elstu börnin í leikskólanum byrja í grunnskóla að hausti verða Jón og Gunna að leita annarra úrræða frá nóvember og fram í júní/júlí því það losna engin pláss fyrr en um haustið þegar elsti árgangurinn fer úr leikskóla í grunnskóla.

Ef börn eru tekin inn í grunnskólann tvisvar á ári, í janúar og ágúst, fara elstu hópar barna úr leikskóla í grunnskóla tvisvar á ári og biðtími Jóns og Gunnu eftir leikskólaplássi styttist. Þetta er gott fyrir börnin, foreldrana og samfélagið. Þetta er hugmynd sem við hvetjum Kópavogsbúa til að kynna sér vel og útfæra með okkur. Þannig gerum við Kópavog betri.





Hyundai Santa Fe

Sparneytinn lúxusjeppi

Hyundai Santa Fe dísil, 197 hestöfl, sjálfskiptur
Verð frá: 7.450.000 kr.

LED fram- og afturljós / LCD mælaborð / regnskynjarar á framúðu
íslenskt leiðsögukerfi / leðuráklæði / bakkskynjarar / panorama glerþak
rafstýrð sæti með minni / aksturstölva

Nýi bíllinn er Hyundai

HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM62838

BL Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BILLIE HOLIDAY Í HANNESARHOLTI

**Tríó saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar, Himnastigatríóið, heldur tónleika í Hannesarholti, Grundarstíg 10, annað kvöld kl. 20.30. Tónleikarnir eru tileinkaðir söngkonunni Billie Holiday en hún hefði orðið 99 ára 7. apríl. Á efnisskrá verða lög sem Billie hljóðritaði og tengjast henni sterklega.**








**KAREN HAUKSDÓTTIR** Sykurþörfin minnkaði og líðanin batnaði með Raspberry Ketones. MYND/DANÍEL

# LOSNAÐI VIÐ SYKURÞÖRFINA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Raspberry Ketones hefur hjálpað bæði konum og körlum að losna við aukakíló og sykurþörfina sem margir glíma við. Innihald er hindberjakjarni og grænt te sem hefur jákvæð áhrif á orku og úthald.*

Karen Hauksdóttir er 41 árs og starfar við garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu.

„Ég hef tekið Raspberry Ketones frá því að það kom á markað hér á Íslandi. Ég hef ekki haft mikla trú á svona töflum hingað til en ákvað að prófa Raspberry og viti menn, eftir rúmar tvær vikur uppgötvaði ég að sykurþörfin sem ég hef glímt við lengi var farin. Nú er ég er ekki að tala um minni sykurþörf heldur bara alls enga! Ég áttaði mig á því eftir að ég fór að taka Raspberry að ég átti sama nammið í skál á stofuborðinu þangað til ég endaði með að henda því í ruslið. Ég nota belti á vinnubuxunum mínum og hef lengi verið að setja pinnann í gat 5, núna er ég komin í gat 7 og finnst það nú bara stórmerkilegt á svo skömmum tíma. Ég er ekki frá því að ég sofi líka betur og sé orkumeiri. Mér finnst ég heldur ekki þurfa að borða eins mikið og áður. Oft var ég orðin hungurmorða í kaffitímanum og var þá samt búin að fá mér sætindi milli mála. Nú hef ég varla drukkið kók í fjórar vikur heldur drekk orðið eingöngu vatn og suðusúkkulaðið fer bara í jólabaksturinn. Ég mæli eindregið með Rasberry Ketones og vil að aðrir viti af því!“




**ÚTSÖLUSTAÐIR:**
Helstu apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.


## Buxnaleggings



**Litir:**
drapp, hvítt, bleikt og svart

**Síðar**
kr. 6.900.-

**Kvart**
kr. 5.900.-

Str. S-XXL

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is

## Heyrðu umskiptin

Fáðu heyrnartæki til reynslu



Fyrstu heyrnartækin sem tengjast þráðlaust við snjalltæki

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is
Tímapantanir 534 9600




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kolli@365.is, s. 512-5447









**SIGUR!** Liðsmenn sigurliðs Heiðarskóla fögnuðu sigri um helgina. MYND/ÚR EINKASAFNI

# JÁKVÆÐ KEPPNI

**HREYFING BARNA** *Skólahreysti hefur góð áhrif á hreyfingu grunnskólanema. Tíundu keppninni lauk um helgina með sigri Heiðarskóla úr Reykjanesbæ.*

Úrslitakeppni Skólahreysti lauk um helgina með sigri Heiðarskóla úr Reykjanesbæ. Skólahreysti var fyrst haldin árið 2005 og nýtur sífellt meiri vinsælda meðal grunnskólanemenda landsins. Í vetur tóku 110 grunnskólar þátt og um helgina kepptu tólf bestu skólar landsins í Laugardalshöll. Þjálfari liðs Heiðarskóla, Helena Ósk Jónsdóttir, hefur kennt íþróttir við skólann síðan 2001. Hún segir Skólahreysti vera frábæra viðbót við íþróttaflóru landsins og þeir nemendur sem taka þátt séu duglegir að hreyfa sig og hugsa um næringuna. „Við finnum það í Reykjanesbæ hvað góður árangur skóla okkar hefur ýtt undir áhuga ungmenna á hreyfingu og hollari lífsstíl. Margir krakkanna sem hafa tekið þátt undanfarin ár eru í ýmsum íþróttum en ég veit einnig til þess að keppendur í nokkrum skólum hafa ekki æft neinar íþróttir en samt staðið sig frábærlega."

Annar skóli úr Reykjanesbæ, Holtaskóli, varð í öðru sæti en þessir tveir skólar hafa sigrað í keppninni fimm sinnum undanfarin sex ár. Árlega keppa um 700 krakkar og um 13.000 áhorfendur fylgjast með keppninni yfir veturinn.

Helena er virkilega ánægð með keppnina og þau jákvæðu áhrif sem hún hefur á æsku landsins. „Hér í bænum er fullt af flottum krökkum sem vilja taka þátt ár eftir ár og eru virkilega tilbúnir til að leggja sig fram. Ég vona svo sannarlega að þessi keppni sé komin til að vera. Hún hvetur nemendur til að hreyfa sig meira, hvort sem það er að æfa einhverja íþróttagrein eða fara í ræktina."

Hún segir vilja og áhuga til að ná árangri skipta mestu máli um gott gengi í keppninni. „Ég hef sjálf persónulega mikinn áhuga á keppninni og það smitast til nemenda minna. Síðan hjálpar mikið hvað bærinn býr yfir góðri íþróttaaðstöðu. Árangur undanfarin ár hefur líka mikil áhrif á metnað krakkanna sem eru tilbúnir að leggja sig mjög mikið fram."



**SKRAUTLEGIR** Stuðningsmenn Heiðarskóla voru áberandi um helgina. MYND/ÚR EINKASAFNI

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**Nám sem nýtist þér!**

**Skrifstofubraut I – staðbundið nám og fjarnám**

Tveggja anna hagnýt braut þar sem höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.
Kennslutími: Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 22. ágúst
Brautin er einnig kennd í fjarnámi – sjá mk.is

**Skrifstofubraut II - rekstrarfulltrúi**

Tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi.
Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.
Inntökuskilyrði: Krafist er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.
Kennslutími: Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 22. ágúst
Brautin er einnig kennd í fjarnámi – sjá mk.is

**Viðurkenndur bókari**

Nám til undirbúnings fyrir próf á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins til viðurkennds bókara, skv. 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald. Kennslan fer fram í samvinnu við KPMG. Starfsmennt greiðir skólagjöld sinna félagsmanna. Kennsla hefst 25. ágúst. Sjá mk.is

**Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir, fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 000/824 4114 eða inga.karlsdottir@mk.is**

# STAÐIÐ Í VINNUNNI

*Að standa frekar en að sitja leiðir til betri almennrar líðanar og heilsu. Á einum vinnudegi er hægt er að brenna hundruðum fleiri kaloría standandi.*

Sú einfalda athöfn að standa í stað þess að sitja verður til þess að líkaminn getur brennt tuttugu til fimmtíu fleiri kaloríum á hverjum klukkutíma. Kona sem er sextíu kíló að þyngd brennir 78 kaloríum á klukkutíma á meðan hún situr í rólegheitum. Ef hún situr í átta tíma á dag brennir hún aðeins 624 kaloríum sem er minna en margir innbyrða í kvöldmatnum. Auk þess getur kyrrsetulífsstíll leitt til ofþyngdar og ýmissa heilsufarsvandamála. Jafnvel þeir sem eru duglegir að fara í ræktina utan vinnutíma eru í aukinni hættu ef þeir eyða meirihluta vökustunda sinna sitjandi.

Sama kona eyðir 99 kaloríum á klukkutíma þegar hún stendur í rólegheitum en það gera 792 kaloríur á einum vinnudegi.

Þegar fólk stendur leiðir það oft til aukinnar hreyfingar, það gengur til dæmis um á meðan það er í símanum. Þessar litlu aukahreyfingar bæta við þann kaloríufjölda sem eytt er standandi og auka muninn enn frekar á því hvort staðið er eða setið.



**BETRA AÐ STANDA** Þegar staðið er í vinnunni í stað þess að sitja verður líkamsstaðan betri og stífleiki í vöðvum minnkar. MYND/GETTY

Það er meira unnið með því að standa en bara meiri kaloríueyðslu. Líkamsstaðan verður betri og stífleiki og verkir í vöðvum minnka. Fólk sem stendur í vinnunni segir einbeitingu vera betri og hugann virkari. Rannsóknir hafa auk þess sýnt fram á að samfara auknum kyrrsetum fólks hafa sjúkdómar eins og sykursýki II og hjarta- og æðasjúkdómar aukist.

Sniðugt er því fyrir fólk sem vinnur við skrifborð að hafa möguleikann á því að hækka borðið og standa við það. Ef sá möguleiki er ekki til staðar er gott að auka hreyfinguna, til dæmis með því að leggja lengra í burtu frá innganginum í vinnuna, fara í göngutúr eftir hádegismatinn og ganga upp stiga. Einnig að hreyfa sig eins mikið og mögulegt er eftir vinnu og um helgar.


SUMAR ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LEGSTEINUM
Við bjóðum
VARANLEGT LETUR
sem endist í yfir 100 ár
Hér hvílir
Auðúlfur Stórólfsson
f. 1.2.1895 d. 2.3.1991
Blessuð sé minning hans
Endurmerkjum
eldri legsteina
með varanlegu letri
Graníthöllin
Legsteinar
www.granitholllin.is
Bæjarhrauni 26, Hafnarfirði
555-3888
Opnunartími:
Mán-fös 9-18
Laugardaga 11-16

# FITULÍTILL MILLIBITI

Fjölmargir vilja huga að línunum og forðast sætindi og fitandi millibita. Þegar löngunin í eitthvað sætt verður óbærileg er gott að geta gripið í góðgæti sem slær á sykurþörfina án þess að vekja samviskubit.

**HRÍSKÖKUGÓÐGÆTI**
Hrískökur eru mjög næringarsnauðar en einar og sér fremur bragðlausar og dauflegar. Með því að setja eitthvað spennandi ofan á þær breytast þær í fínasta snakk. Hægt er að leika sér dálítið með áleggið. Ein hugmynd er að smyrja með þunnu lagi af góðu hnetusmjöri og raða ofan á ristuðum kókosflögum, rúsínum eða öðrum þurrkuðum berjum eða jafnvel banana og eplum.





**SESAMPOPP**
Poppkorn (heimalagað) er líka fínasta snakk fyrir þá sem eru að halda í við sig. Til að gera poppið enn meira spennandi má blanda hálfri tsk. af ristaðri sesamolíu saman við poppkornið og hálfri tsk. af sesamfræjum.

**SELLERÍSNAKK**
Sellerí er ekki allra en það er afar hollt og venst ótrúlega. Það má líka bragðbæta með því að setja á það hummus og niðurskornar ólívur.



# FÆRRI MÁLTÍÐIR FREKAR EN FLEIRI

**SYKURSÝKI** *Vísindamenn í Prag telja að tvær stórar máltíðir á dag séu betri fyrir þá sem þjást af sykursýki 2 en margar smærri máltíðir.*

Sykursýki af tegund 2 er vaxandi vandamál í hinum vestræna heimi. Í Bretlandi þjást 2,9 milljónir manna af sykursýki og þar af 90 prósent af gerðinni 2. Mataræði skiptir miklu þegar tekist er á við sykursýki 2 og hafa leiðbeiningar í mörgum löndum hljóðað upp á að borða oft og lítið yfir daginn. Vísindamenn hjá stofnun læknisfræðilegra rannsókna í Prag (Institute for Clinical and Experimental Medicine) komust hins vegar að því í nýlegri rannsókn að betri árangur fengist með því að borða færri og stærri máltíðir yfir daginn.

Fréttavefur BBC greindi frá rannsókninni. Þar var 54 sjálfboðaliðum með sykursýki af tegundinni 2 skipt upp í tvo 27 manna hópa. Annar hópurinn (A6) fékk sex máltíðir á dag í tólf vikur, í samræmi við ráðleggingar lækna í Tékklandi. Hinn hópurinn (B2) fékk tvær máltíðir á dag sem borðaðar voru annars vegar milli 6 og 10 og hins vegar milli klukkan 12 og 16. Báðir hópar borðuðu í kringum 1.700 kaloríur daglega.

Niðurstöðurnar komu vísindamönnum á óvart. B2-hópurinn missti að meðaltali 1,4 kílóum meira en A6 hópurinn og missti fjórum sentimetrum meira af mittismáli. Þá lækkaði blóðsykurinn meira hjá hópnum sem borðaði færri máltíðir.



Dr. Hana Kahleova fór fyrir rannsóknarteyminu. „Sjúklingarnir [í hópi B2] voru afar hræddir um að verða svangir að kvöldi en hungurtilfinningin var mun minni þar sem sjúklingarnir máttu éta fylli sína fyrr um daginn. Þeir sem borðuðu sex sinnum á dag urðu hins vegar aldrei almennilega saddir,“ sagði hún. Taldi hún að jafnvel mætti yfirfæra þessar niðurstöður á aðra en sykursjúka sem vildu grenna sig.

Læknir sem rætt var við í frétt BBC sagði niðurstöðurnar áhugaverðar og styðja hugmyndir sem þegar eru á lofti. Þó sé nauðsynlegt að gera ítarlegri langtímarannsókn ef breyta eigi opinberum viðmiðum fyrir mataræði sykursjúkra.

Þá er tíminn genginn í garð. Tíminn þegar strætóskýlin eru veggfóðruð með fagurlega fótósjoppuðum andlitum. Sem, með sólskinsbrosi eða traustvekjandi augnaráði, eru að reyna að sannfæra mann um að skynsamlegt sé ráða þau í vinnu. Næstu tvær vikurnar einkennast af vinabeiðnum á samskiptamiðlum frá ókunnugu liði í atkvæðaleit og heilu flokkunum sem eru búnir að uppgötva mátt nýrra samskiptamiðla.

**ÉG** er einmitt þetta óákveðna og óflokksbundna atkvæði sem þessir einstaklingar eru að reyna að næla í. Einhver sem hefur ekki alltaf kosið það sama og er tilbúin að hlusta á kosningaloforð. Ef það væri nú aðeins betri ferilskrá með kosningaloforðum í gegnum tíðina, en það er önnur saga. Ég er atkvæðið sem skiptir um skoðun daglega. Hvort á ég að kjósa fyrir mig eða heildina? Það sem er best fyrir mig persónulega er ekki endilega best fyrir borgina.

**ÞETTA** er alltaf erfiður tími fyrir mig. Þó að mér lítist kannski vel á einn frambjóðanda þýðir ekki endilega það sama fyrir samflokksmann hans í næsta sæti á listanum. Frír ís eða hamborgarar, ókeypis leikskólar (sem væri reyndar frábært), heimalagaður matur eða skemmtanahald allan sólarhringinn er ekki að auðvelda mér valið eða sannfæra mig.

**ÞAÐ** væri allt miklu auðveldara ef maður fengi að kjósa persónur í stað flokka. Í stað þess að gera eitt x á atkvæðaseðil yrðu kosningarnar eins og þessi blessaða Fantasy-keppni sem boltafólkið er vitlaust í. Búðu til þína draumaborgarstjórn, ég sé herferðina fyrir mér. Ísinn, blöðrurnar og pönnukökurnar væru óþarfar. Ég væri allavega ekki í erfiðleikum með að stilla upp mínu liði til sigurs. Fullt af góðu fólki, og þvert á flokka.

# Rokkaður rauður dregill

Billboard-verðlaunin voru veitt í Las Vegas um helgina og fjölmenntu stjörnurnar. Það var greinilegt að þær voru komnar í sumarskap enda litríkir og stuttir kjólar úr léttum efnum áberandi. Jennifer Lopez stal senunni eins og henni einni er lagið í rauðum kjól frá Donnu Karan.



LITRÍKT LEIKKONAN LUCY HALE ÚR SJÓNVARPSÞÁTTUNUM PRETTY LITTLE LIARS LÉT SIG EKKI VANTA.



SÆTAR SYSTUR KENDALL OG KYLIE JENNER VORU FLOTTAR Í HVÍTU Á RAUÐA DREGLINUM.



VÍGALEGUR RICKY MARTIN MÆTTI MEÐ SÓLGLERAUGU.

### VINNINGSHAFAR Í BILLBOARD 2014

**Vinsælasti tónlistarmaðurinn:**
Justin Timberlake

**Besti nýliðinn:**
Lorde

**Besti tónlistarmaðurinn:**
Justin Timberlake

**Besta tónlistarkonan:**
Katy Perry

**Besta sveitin:**
Imagine Dragons

**Bestur á topp 200 listanum:**
Justin Timberlake

**Bestur á topp 100 listanum:**
Imagine Dragons

**Besti digital-flytjandinn:**
Katy Perry

**Besti útvarpsflytjandinn:**
Justin Timberlake

**Besti tónleikaflytjandinn:**
Bon Jovi



GLÆSILEG CARRIE UNDERWOOD KLÆDDIST FAGURGULUM KJÓL.



SENUÞJÓFUR JENNIFER LOPEZ STAL SENUNNI Í ÞESSUM RAUÐA KJÓL EFTIR DONNU KARAN.



SVARTUR KJÓLL JORDIN SPARKS VAR GLÆSILEG Í KJÓL FRÁ MICHAEL COSTELLO.



DRAMATÍSK SÖNGKONAN KESHA Í SVÖRTUM SÍÐKJÓL MEÐ SÍÐU SLÖRI.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...




# KOM GALLINN Í LJÓS EFTIR Á?

**HEFUR ÞÚ NÝLEGA KEYPT FASTEIGN EÐA ÁTT ÞÚ FASTEIGN OG TELUR AÐ HÚN SÉ GÖLLUÐ AÐ EINHVERJU LEYTI?**

**FJÖLBÝLISHÚS, HÆÐIR, PARHÚS, RAÐHÚS, EINBÝLISHÚS, SUMARHÚS, ATVINNUHÚSNÆÐI O.FL.**

### HEILDSTÆÐ RÁÐGJÖF VEGNA FASTEIGNAGALLAMÁLA

Mat á göllum fasteigna og lögfræðileg ráðgjöf í kjölfarið hefur hingað til verið flókið og tímafrekt ferli þar sem kostnaður hleypur yfirleitt á hundruðum þúsunda króna. Frumherji og Bonafide lögmenn bjóða nú upp á einfaldari, fljótvirkari og hagstæðari þjónustu en áður hefur þekkst hér á landi.

Þjónustan okkar hefur það markmið að auðvelda athugun á réttarstöðu þinni ef þig grunar að fasteignin þín sé gölluð. Ráðgjöfinni er fyrst og fremst ætlað að veita einstaklingum heildstæða mynd af þeim úrræðum sem í boði eru fyrir fast verð.

### EF GRUNUR LEIKUR Á GALLA

Þú hefur samband við okkur og lýsir meintum galla á fasteigninni. Afrit af öllum gögnum um fasteignakaupin eru send til okkar, m.a. söluyfirlit, kauptilboð og kaupsamningar.

Frumherji skoðar fasteignina. Sérhæfð lögfræðiráðgjöf Bonafide lögmanna um möguleg úrræði og næstu skref fylgir í kölfarið. Þjónusta þessara fagaðila er veitt fyrir fast verð kr. 95.900 miðað við einn galla og íbúð í eigu einstaklings/a á höfuðborgarsvæðinu (sjá galli.is).

### ALGENGIR FASTEIGNAGALLAR

- Leki frá þaki, gluggum eða útveggjum vegna ófullnægjandi frágangs.
- Galli í lagnakerfum fasteignar.
- Raka- og sveppamyndun.
- Frágangi almennt ábótavant.
- Gölluð eða röng efni notuð við byggingu.
- Aðrir byggingargallar, leyndir eða óleyndir.

Bonafide lögmenn | GALLI.IS | Frumherji

Galli.is - Klapparstíg 25-27 - 101 Reykjavík - Sími: 511 33 00 - Netfang: galli@galli.is - Vefsíða: www.galli.is

# SPORT

## HM Í FÓTBOLTA Í BRASILÍU
**22 DAGAR** Í FYRSTA LEIK



**ROGER MILLA** framherji frá Kamerún er elsti leikmaðurinn sem hefur bæði spilað og skorað í úrslitakeppni HM. Milla var 42 ára og 39 daga þegar hann skoraði fyrir Kamerún á móti Rússlandi á HM í Bandaríkjunum 1994. Milla bætti þetta sumar átta ára gamalt met norður-írska markvarðrins Pat Jennings sem spilaði sinn síðasta HM-leik á 41 árs afmælisdegi sínum 1986.

Ítalski markvörðurinn Dino Zoff er hins vegar elsti leikmaðurinn sem hefur orðið heimsmeistari en hann var 40 ára og 133 daga þegar hann tók við heimsmeistarabikarnum eftir 3-1 sigur á Vestur-Þýskalandi í úrslitaleiknum á HM á Spáni 1982.

## Van Gaal og Giggs stýra Man. Utd

**FÓTBOLTI** Það bárust stórtíðindi úr herbúðum Man. Utd í gær. Hollendingurinn Louis van Gaal var þá ráðinn knattspyrnustjóri félagsins til þriggja ára og Ryan Giggs tilkynnti að hann hefði lagt skóna á hilluna.

Van Gaal mun taka við liðinu eftir HM í sumar en hann er að þjálfa hollenska landsliðið. Einnig var tilkynnt að Giggs yrði aðstoðarmaður hans hjá félaginu þannig að hann yfirgefur ekki Old Trafford strax.

Ferill Giggs hjá Man. Utd er lyginni líkastur og margir á því að hann sé besti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar frá upphafi. Hinn fertugi Giggs lék 963 leiki fyrir félagið og varð Englandsmeistari þrettán sinnum, fjórum sinnum varð hann bikarmeistari og hann vann Meistaradeildina líka tvisvar með félaginu.

Lokaleikur hans fyrir félagið kom á heimavelli gegn Hull. Hann var þá stjóri liðsins og skipti sjálfum sér inn á völlinn. Það verður ekki mikið flottara.

„Minn draumur var alltaf að spila fyrir þetta félag. Það er sorglegt að vita til þess að ég muni ekki klæðast treyju félagsins aftur. Engu að síður er ég mjög stoltur og þakklátur fyrir minn feril. Ég mun nú leggja mitt af mörkum utan vallar til þess að koma félaginu aftur á þann stall sem það á heima á," sagði Giggs. **- hbg**



**KVADDI KÁTUR** Giggs í lokaleik sínum sem leikmaður Man. Utd. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**HRESSIR** Valsmenn fagna einu af mörkum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**1-2**

**Gervigr. Lau.**
Áhorf: 840
**Garðar Örn Hinriksson (7)**

**Mörkin:** 0-1 Ásgeir Örn Arnþórsson (22.), 1-1 Pape Mamadou Faye (59.), 1-2 Sadmir Zekovic (61.).

**VÍKINGUR (4-3-3):** Ingvar Þór Kale 5 - Ómar Friðriksson 2 (63., Henry Monaghan 6), Óttar Steinn Magnússon 6 (46., Aron Elís Þrándarson 7), Alan Lowing 6, Halldór Smári Sigurðsson 6 - Igor Taskovic 6, Kristinn Jóhannes Magnússon 5, Dofri Snorrason 6 - Agnar Darri Sverrisson 6, Todor Hristov 6, Pape Mamadou Faye 4 (74., Sveinbjörn Jónasson -).

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Elís Rafn Björnsson 6, Kristján Valdimarsson 6 (75., Davíð Þór Ásbjörnsson -), Ásgeir Eyþórsson 6, Viktor Örn Guðmundsson 4 - Tómas Joð Þorsteinsson 4, Daði Ólafsson 3 (46., Oddur Ingi Guðmundsson 6), Ryan Maduro 6 - Ásgeir Örn Arnþórsson 6, Gunnar Örn Jónsson 4, ***Sadmir Zekovic 7** (83., Andrés Már Jóhannesson -).

**Skot (á mark):** 14-9 (5-3) **Horn**: 8-1

**Varin skot:** Ingvar 1 - Bjarni 4

**5-3**

**Vodafonevöllur**
Áhorf: 1.191.
**Kristinn Jakobsson (8)**

**Mörkin:** 1-0 Patrick Pedersen (10.), 1-1 Ósvald Jarl Traustason (18.), 2-1 Bjarni Ólafur Eiríksson (31.), 2-2 Hafsteinn Briem (39.), 3-2 Patrick Pedersen (42.), 4-2 Kristinn Ingi Halldórsson (65.), 5-2 Indriði Áki Þorláksson (88.), 5-3 Hafsteinn Briem (90.)

**VALUR (4-3-3):** Fjalar Þorgeirsson 6 - James Hurst 6, Magnús Már Lúðvíksson 5, Mads Nielsen 6, Bjarni Ólafur Eiríksson 7 - Iain Williamson 6, Halldór Hermann Jónsson 5, Kristinn Freyr Sigurðsson 6 - Kristinn Ingi Halldórsson 6 (79., Indriði Þorláksson -), Arnar Geirsson 4 (63., Sigurður Lárusson 6), Patrick Pedersen 8 (71., Kolbeinn Kárason -).

**FYLKIR (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 5 - Viktor Bjarki Arnarsson 6, Ingiberg Ólafur Jónsson 6, Tryggvi Sveinn Bjarnason 5, Einar Bjarni Ómarsson 5 (67., Haukur Baldvinsson 4) - Hafsteinn Briem 8, Jóhannes Karl Guðjónsson 5, Arnþór Ari Atlason 4 (82., Alexander Már Þorláksson -) - Orri Gunnarsson 5 (65., Aron Bjarnason 4), Ósvald Jarl Traustason 6, Björgólfur Takefusa 5

**Skot (á mark):** 20-15 (11-7) **Horn**: 3-9

**Varin skot:** Fjalar 4 - Ögmundur 6

## PEPSI DEILDIN 2014

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 4 | 3 | 1 | 0 | 6-1 | 10 |
| Stjarnan | 4 | 3 | 1 | 0 | 7-4 | 10 |
| Keflavík | 4 | 3 | 0 | 1 | 6-2 | 9 |
| Fjölnir | 4 | 2 | 2 | 0 | 8-4 | 8 |
| Valur | 4 | 2 | 1 | 1 | 8-6 | 7 |
| KR | 4 | 2 | 0 | 2 | 4-4 | 6 |
| Fylkir | 4 | 2 | 0 | 2 | 5-6 | 6 |
| Fram | 4 | 1 | 1 | 2 | 6-8 | 4 |
| Víkingur | 4 | 1 | 1 | 2 | 3-6 | 4 |
| Breiðablik | 4 | 0 | 2 | 2 | 4-7 | 2 |
| ÍBV | 4 | 0 | 1 | 3 | 3-7 | 1 |
| Þór | 4 | 0 | 0 | 4 | 5-10 | 0 |

### NÆSTU LEIKIR

**Fimmtudagur 22. maí**: 18.00 ÍBV - Víkingur, 19.15 Fjölnir - KR, Fram - Breiðablik, Þór - Fylkir, 20.00 Keflavík - FH, Stjarnan - Valur.

**visir.is**

Meira um leiki gærkvöldsins

# Stærðfræðin flækist fyrir

Keppnistímabilið utanhúss hefst af fullum krafti hjá Anítu Hinriksdóttur um helgina. Fram undan er spennandi sumar fyrir hana og þjálfarann Gunnar Pál Jóakimsson, sem starfar einnig sem stærðfræðikennari.

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** Ein helsta vonarstjarna evrópskra frjálsíþrótta og íslensks íþróttalífs er hlauparinn Aníta Hinriksdóttir, heims- og Evrópumeistari ungmenna í 800 m hlaupi. Hennar aðalþjálfari starfar dagsdaglega sem stærðfræðikennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Gunnar Páll Jóakimsson er einn okkar allra fremsti frjálsíþróttaþjálfari en auk Anítu má nefna langhlauparann Kára Stein Karlsson sem skjólstæðing hans. Gunnar Páll er í góðum tengslum við þjálfarasamfélagið í Evrópu og segir að árangur Anítu hafi vakið athygli.

„Árangurinn hefur opnað manni dyr. Ég hef verið í sambandi við þjálfara í Bretlandi, Hollandi og Noregi sem vilja gjarnan fræðast meira um þá vinnu sem hefur verið unnin með Anítu og kanna hvort þar sé eitthvað að finna sem væri hægt að nota fyrir þeirra íþróttafólk," segir Gunnar Páll í samtali við Fréttablaðið.

### Þurfti að sleppa æfingabúðum

Þjálfararnir sem hann vísar til starfa allir í afreksmannaumhverfi sem hefur verið komið á fót í hverju landi fyrir sig. Þar er markvisst stefnt að því að fremsta íþróttafólk hverrar þjóðar fái bestu mögulegu þjálfun og aðhlynningu til að auka möguleika þess á verðlaunum á stórmótum – allra helst Ólympíuleikum.

Gunnar Páll er eins og flestir aðrir íslenskir íþróttaþjálfarar að sinna íþróttinni í hjáverkum. Það á einnig við um flest okkar íþróttafólk. Hann neitar því ekki að hann vildi gjarnan eyða meiri tíma í þjálfunina.

„Þetta getur verið svolítið erfitt. Ég viðurkenni það," segir Gunnar Páll, sem hefur oft þurft að skipuleggja starf sitt og skjólstæðinga sinna í kringum skólaárið. Það hafi gert það að verkum að hann hafi ekki komist á öll þau mót og í þær æfingabúðir sem staðið hafi til boða.

„Aníta er enn í skóla og því höfum verið reynt að skipuleggja hennar starf í kringum það. En ég komst ekki með Kára Steini í stórar æfingabúðir sem ég hefði gjarnan viljað nýta," segir hann. „Það takmarkar mig mikið að geta ekki notað allan þann tíma sem ég þarf í þjálfunina."

### Í góðu samstarfi við aðra þjálfara

Gunnar Páll tekur þó skýrt fram að hann leggi mikið á sig til að halda sér upplýstum um þjálfarafræðin og telur sig ekki verr staddan en aðra þjálfara hvað það varðar. „Ég fer reglulega á þjálfaranámskeið og hitti aðra sem eru að þjálfa íþróttamenn í sama gæðaflokki og ég. Ég er líka í reglulegum tengslum við þjálfara sem starfa í hollensku Ólympíumiðstöðinni og tel mig vera með bæði menntun og reynslu til jafns við þá," segir Gunnar Páll, sem hefur íhugað leiðir til að minnka við sig kennslu í aðdraganda Ólympíuleikanna í Ríó 2016.

„Ég vildi gjarnan geta sinnt þjálfuninni hundrað prósent, sérstaklega ef maður hugsar fram yfir næstu Ólympíuleika. Það er auðvitað ómögulegt að spá um slíka hluti svo langt fram í tímann en ef vel á að vera vildi ég geta varið allri minni orku í þetta," segir Gunnar Páll.

Aníta keppir með sveit ÍR í Evrópukeppni félagsliða í Amsterdam á laugardaginn en í júní keppir hún á EM landsliða og stóru unglingamóti í Þýskalandi, sem verður lokahnykkur hennar í undirbúningnum fyrir HM ungmenna í Bandaríkjunum. **eirikur@frettabladid.is**



**Í KENNSLUSTOFUNNI** Gunnar Páll Jóakimsson er einn fremsti frjálsíþróttaþjálfari landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Það takmarkar mig mikið að geta ekki notað allan þann tíma sem ég þarf í þjálfunina.**
>
> *Gunnar Páll Jóakimsson.*

# Jóna Margrét kvaddi með markameti

Engin kona hefur skorað fleiri mörk í einu úrslitaeinvígi um Íslandsmeistaratitilinn.

**HANDBOLTI** Stjörnukonan Jóna Margrét Ragnarsdóttir lék sinn síðasta leik á ferlinum þegar Stjarnan tapaði í oddaleik á móti Val í úrslitaeinvígi Olís-deildar kvenna í handbolta á laugardaginn. Jóna Margrét náði ekki að kveðja með Íslandsmeistaragull um hálsinn en átti ótrúleg úrslitaeinvígi þar sem hún jafnaði tólf ára met Ragnheiðar Stephensen.

Jóna Margrét skoraði 41 mark í leikjunum fimm eða 8,2 mörk að meðaltali í leik. Hún varð þar með önnur konan í sögu úrslitakeppninnar sem brýtur 40 marka múrinn í úrslitaeinvígi um Íslandsmeistaratitilinn og sú fyrsta síðan Ragnheiður Stephensen skoraði einnig 41 mark fyrir Stjörnuna í úrslitaeinvíginu á móti Haukum vorið 2002. Ragnheiður skoraði tveimur mörkum fleira af vítalínunni heldur en Jóna Margrét í nýlokinni úrslitaseríu.

Svo skemmtilega vill nú til að Jóna Margrét spilaði við hlið Ragnheiðar í þessu úrslitaeinvígi fyrir tólf árum og var þá með sextán mörk í leikjunum fimm. Jóna Margrét skoraði meira að segja einu marki meira en Ragnheiður í leik eitt eða sjö á móti sex.

Ragnheiður þurfti eins og Jóna Margrét núna að sætta sig við silfurverðlaun alveg eins og sjö af átta sem hafa skorað flest mörk í einu úrslitaeinvígi í sögu úrslitakeppni kvenna. Af átta efstu á topplistanum varð aðeins Ragnheiður Íslandsmeistari þegar hún skoraði 36 mörk í úrslitaeinvíginu 1998 en Stjarnan vann þá Hauka í oddaleik.

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir skoraði 31 mark fyrir Val í einvíginu í ár og komst með því inn á topp tíu listann en hún er jafnframt í öðru sæti yfir þær sem hafa skorað mest og fagnað titlinum. **- óój**



**ÖFLUG** Jóna Margrét skoraði 41 mark í einvíginu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Á ENN METIÐ** Ragnheiður Stephensen með Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eirberg




# Engin málamiðlun bakið þitt á skilið það besta





.3Dee
Active Office Chair

## Kynnum nýjan meðlim Swopper fjölskyldunnar 3Dee skrifstofustólinn sem fylgir hreyfingum líkamans

**Virkni** – bak og kviðvöðvar eru í stöðugri virkni meðan þú situr
**Hreyfing** – hreyfanleg undirstaða hvetur til hreyfinga upp, niður og í allar áttir
**Slökun** – stillanlegur bakstuðningur veitir góðan stuðning án þess að takmarka hreyfingar
**Hvatning** – kúpt seta með svæðaskiptri bólstrun og góðri öndun hvetur til góðrar setstöðu

**Verð: 169.750 kr.**

Life in Motion aeris

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.10
**Á fullu gazi**



Frábærir þættir þar sem fjallað er um glæsilega bíla og önnur flott farartæki. Hér er hraðinn og spennan í fyrirrúmi og áhersla lögð á ný og glæsileg tryllitæki. Umsjónarmenn eru Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius.



### The Green Mile
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00** Áhrifamikil stórmynd með Tom Hanks í aðalhlutverki ásamt Michael Clarke Duncan. Hér segir af risanum John Coffey sem hefur verið dæmdur fyrir morð á tveimur börnum.



### Pretty Little Liars
**STÖÐ 3 KL. 20.30** Fjórða serían af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.



### Leiðin á HM í Brasilíu
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.10** Í þættinum er farið yfir lið allra þátttökuþjóðanna á HM, styrkleika þeirra og veikleika og helstu stjörnur kynntar til leiks. Við kynnumst gestgjöfunum, skoðum borgirnar og leikvangana sem keppt er á.

### Bylgjan kl. 10.00
**Ívar Guðmundsson**



Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 10-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útvarp. Ívar er dagskrárstjóri Bylgjunnar.







GLÆSILEGT DETHLEFFS BEDUIN EIGHTY II
565 SB AFMÆLISTÝPA ÁRG 2012

ÁLFELGUR, ELDAVÉL, HEITT OG KALT VATN, STÓR ÍSSKÁPUR MEÐ MEÐ FRYSTI, RAFMAGNSTENGI 230V, REYKLAUST ÖKUTÆKI, SALERNI, VASKUR, ÞYKKAR DÝNUR, UTANÁLIGGJANDI GASTENGI, STÖÐULEIKABÚNAÐUR.

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 895-0967







## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Malcolm in the Middle
**08.30** Extreme Makeover. Home Edition
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** The Middle
**10.40** The Wonder Years
**11.05** Flipping Out
**11.50** The Kennedys
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor US
**13.55** In Treatment
**14.20** Sjáðu
**14.50** Covert Affairs
**15.35** Scooby-Doo!
**16.00** Frasier
**16.25** Mike and Molly
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Pepsímörkin 2014
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Stóru málin
**19.50** Surviving Jack *(6:8)*
**20.10** Á fullu gazi
**20.30** The Big Bang Theory *(24:24)*
**20.55** The Mentalist *(21:22)*
**21.40** The Smoke *(7:8)*
**22.25** Veep *(3:10)*
**22.55** Daily Show. Global Edition
**23.20** Grey's Anatomy
**00.05** Believe
**00.50** Crossing Lines
**01.40** Falcón
**02.25** Fringe
**03.10** Burn Notice
**03.50** Bad Lieutenant - Port of Call - New Orleans
**05.50** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Pepsímörkin 2014
**08.15** Pepsímörkin 2014
**13.25** Barcelona - Atletico Madrid
**15.05** Valur - Fram
**16.55** Pepsímörkin 2014
**18.10** Ensku bikarmörkin 2014
**18.40** Lübbecke - Kiel
**20.00** Þýsku mörkin
**20.30** Arsenal - Hull
**22.10** Frakkland
**23.10** Indiana - Miami
**01.00** UFC Now 2014

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.25** Norwich - Arsenal
**13.55** Enska 1. deildin. Derby - Brighton
**15.35** Sunderland - Swansea
**17.15** Chelsea - Man. City
**19.00** Goals of the Season 2013/2014
**20.00** Man. City - QPR - 13.05.12
**20.35** Switzerland, Manaus, Ecuador
**21.05** Man. Utd. - Man. City
**22.50** Enska 1. deildin. QPR - Wigan

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**17.55** Junior Masterchef Australia
**18.40** Baby Daddy
**19.00** Grand Designs
**19.45** Hart Of Dixie
**20.30** Pretty Little Liars *(13:25)*
**21.15** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
**21.45** Nikita *(14:22)*
**22.25** Southland *(9:10)*
**23.10** Revolution *(12:22)*
**23.50** Arrow
**00.35** Tomorrow People
**01.15** Grand Designs
**02.00** Hart Of Dixie
**02.45** Pretty Little Liars
**03.30** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
**04.00** Nikita
**04.45** Southland
**05.30** Tónlistarmyndbönd

## KrakkaStöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Lukku-Láki **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Rasmus Klumpur og félagar **09.52** Tommi og Jenni **10.00** Brunabílarnir **10.23** Latibær **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Lukku-Láki **13.22** Ljóti andarunginn og ég **13.44** Rasmus Klumpur og félagar **13.53** Tommi og Jenni **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Lukku-Láki **17.22** Ljóti andarunginn og ég **17.44** Rasmus Klumpur og félagar **17.53** Tommi og Jenni **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Ísöld. Heimsálfuhopp **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.40** Strákarnir
**18.10** Friends
**18.30** Seinfeld
**18.55** Modern Family
**19.15** Two and a Half Men *(10:24)*
**19.40** Veggfóður *(6:7)*
**20.25** Borgarilmur *(2:8)*
**21.00** The Killing *(11:13)*
**21.45** Anna Pihl *(10:10)*
**22.25** Lærkevej
**23.10** Chuck
**23.50** Cold Case
**00.35** Veggfóður
**01.15** Borgarilmur
**01.50** The Killing
**02.35** Anna Pihl
**03.15** Lærkevej
**04.00** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**09.55** The Bodyguard
**12.05** La Delicatesse
**13.55** The Five-Year Engagement
**16.00** The Bodyguard
**18.10** La Delicatesse
**19.55** The Five-Year Engagement
**22.00** The Green Mile
**01.05** J. Edgar
**03.20** Your Highness
**05.00** The Green Mile

## RÚV

**16.25** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**17.15** Músahús Mikka
**17.25** Violetta
**18.25** Táknmálsfréttir
**18.35** Melissa og Joey
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Kastljós
**20.10** Leiðin á HM í Brasilíu *(13:16)* Í þættinum er farið yfir lið allra þátttökuþjóðanna á HM, styrkleika þeirra og veikleika og helstu stjörnur kynntar til leiks. Við kynnumst gestgjöfunum, skoðum borgirnar og leikvangana sem keppt er á.
**20.40** Castle *(17:23) (Castle)* Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.
**21.25** Nýsköpun - Íslensk vísindi III *(3:8)* Ný íslensk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um vísindi og fræði í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar og Valdimars Leifssonar.
**21.55** Svipmyndir frá Noregi
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Úr launsátri *(5:6) (Hit and Miss)*
**23.05** Víkingarnir
**23.50** Kastljós
**00.15** Fréttir
**00.25** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.05** Million Dollar Listing
**16.50** In Plain Sight
**17.30** Secret Street Crew
**18.15** Dr. Phil
**18.55** Top Chef
**19.40** Everybody Loves Raymond
**20.05** The Millers *(19:22)*
**20.30** Design Star *(5:9)*
**21.15** The Good Wife *(15:22)* Pessir margverðlaunuðu þættir njóta mikilla vinsælda meðal áhorfenda SkjásEins.
**22.00** Elementary *(20:24)*
**22.45** The Tonight Show
**23.30** Málið
**00.00** Royal Pains
**00.45** Scandal
**01.30** The Incredible Mr. Goodwin
**02.20** Elementary
**03.05** The Tonight Show
**03.50** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **12.00** Motors TV

## Golfstöðin

**08.10** PGA Tour 2014 **11.10** Golfing World 2014 **12.00** PGA Tour 2014 **15.00** LPGA Tour 2014 **18.00** Golfing World 2014 **18.50** PGA Tour 2014 - Highlights **19.45** Golfing World 2014 **20.35** PGA Tour 2014 - Highlight **21.30** Champions Tour 2014 - High **22.25** Inside The PGA Tour 2014 **22.50** Ryder Cup 2004 Official Film

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

15.–21. maí 2014

# AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

1 ~~FIMMTUDAGUR~~
2 ~~FÖSTUDAGUR~~
3 ~~LAUGARDAGUR~~
4 ~~MÁNUDAGUR~~
5 ÞRIÐJUDAGUR
6 MIÐVIKUDAGUR

*Aðeins þessa viku!*




NÝKOMNIR

## 6 AEG GÁMAR Á 6 DÖGUM

# AEG TILBOÐSDAGAR

- **Um 800 AEG tæki í eldhús og þvottahús Íslendinga.**
- **Tilboð á AEG þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum – á völdum módelum.**
- **Úrval AEG kæliskápa og frystiskápa – lítið við og skoðið.**
- **AEG smá raftæki og AEG ryksugur – 25% afsláttur.**

Sölumenn okkar eru í samningsstuði. Þið komið og ræðið við sölufólkið okkar, sem er í góðu skapi eins og alltaf, og sérstaklega fúst til að láta þig njóta besta verðs, bestu greiðsluskilmála, jafnvel vaxtalaust. Þú færð nútíma AEG tæki og hagnast á samningsstuðinu.

*AEG hjá ORMSSON síðan 1927*

## ORMSSON

Opið virka daga kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-15

**LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

KVIKA

## MORGUNMATURINN



**„Það er misjafnt, en í morgun borðaði ég kalt nautahakk – ég er smá í því að borða gamlan kvöldmat upp úr pottunum en stefni á að borða oftar chia-graut og vera fansí.“**

Kristín Soffía Jónsdóttir, verðandi borgarfulltrúi

# Hrói höttur stelur senunni

**Vesturport hlaut átta tilnefningar fyrir uppsetningu sína á verkinu Hrói höttur í leikstjórn Gísla Arnar Garðarssonar. Þrjár í Noregi og fimm í Bandaríkjunum.**

Sýningin Hrói höttur í uppsetningu Vesturports hefur ferðast víða. Í gær hlaut sýningin þrjár tilnefningar til hinna þekktu Heddu-verðlauna í Noregi og á dögunum fimm tilnefningar til 32nd Annual Elliott Norton Awards í Bandaríkjunum, fyrir bestu sýningu, leikstjórn, dans, leikmynd, búninga og hljóð. Sýningin er leikgerð Davids Farr eftir sögu Hróa hattar, einnar þekktustu þjóðsagnapersónu Englands, sem rændi frá þeim ríku og gaf hinum fátæku, nema í þessari útgáfu rænir hann hina ríku en heldur verðmætunum fyrir sig sjálfan.

Listamannateymið samanstendur af Gísla Erni Garðarssyni, sem leikstýrir, meðleikstjóri og danshöfundur er Selma Björnsdóttir, leikmyndahönnuður er Börkur Jónsson, Högni Egilsson semur tónlistina og Björn Helgason er ljósahönnuður sýningarinnar.

Vesturport hefur sett sýninguna upp í The Royal Shakespeare Company í Bretlandi, í einu sögufrægasta leikhúsi Norðmanna, Ibsen-leikhúsinu, Den Nationale Scene í Bergen og í The American Repertory Theater í Boston í Massachusetts en leikhúsið var á lista Time Magazine yfir þrjú bestu leikhúsin í Bandaríkjunum árið 2003. **-ósk**

> Í þessari útgáfu rænir Hrói höttur hina ríku en heldur verðmætunum fyrir sig sjálfan.



**ÁTTA TILNEFNINGAR** Hrói höttur í leikstjórn Gísla Arnar hlaut þrjár tilnefningar til Heddu-verðlaunanna í Noregi, en fimm til 32nd Annual Elliott Norton Awards í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Sturtusett



CE

NAPOLI hitastýrt sturtusett

29.990

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

MÚRBÚÐIN
Reykjavík - Reykjanesbæ
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



KOLKA
Lífstíls og decor vefverslun
www.facebook.is/kolkaiceland

Málefni fatlaðs fólks í þínu sveitarfélagi

Samræðufundur með frambjóðendum til sveitarstjórnarkosninga vorið 2014

**Þriðjudaginn 20. maí kl.17:00** í húsi Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17,
2. hæð fundur með frambjóðendum í Garðabæ

**Þriðjudaginn 20. maí kl. 20:00** í húsi Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17,
2. hæð fundur með frambjóðendum í Kópavogi

**Miðvikudaginn 21. maí kl. 17:00** í húsi Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17,
2. hæð fundur með frambjóðendum í Hafnafirði

**Miðvikudaginn 21. maí kl. 20:00** í húsi Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17,
2. hæð fundur með frambjóðendum í Reykjavík

**Fimmtudaginn 22. maí kl. 20:00** í Tryggvaskála á Selfossi, fundur með frambjóðendum í Árborg

**Laugardaginn 24. maí kl. 13:30** í Fjarðarborg á Reyðarfirði, með frambjóðendum í Fjarðarbyggð.

Blindrafélagið, Landssamtökin Þroskahjálp og Sjálfsbjörg landssambands fatlaðra hafa sett saman einskonar vegvísi í þjónustu við fatlað fólk til fjögurra ára sem þau ætla að kynna fyrir fyrir frambjóðendur og væntanlegum sveitarstjórnarmönnum.

Á fundinum verða einnig kynntar niðurstöður úr könnun Capacent Gallup varðandi viðhorf almennings til þjónustu við fatlað fólk.

Að lokum munu fara fram hringborðsumræður með frambjóðendum þar sem þeim gefst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Fundurinn er öllum opinn og áhugafólk um málefni fatlaðs fólks er hvatt til að fjölmenna

SJÁLFSBJÖRG   BLINDRAFÉLAGIÐ   ÞROSKAHJÁLP


# Grjótharður á skjánum

**Sterkasti maður Íslands, Hafþór Júlíus, fer með hlutverk Gregors Clegane í hinum geysivinsælu þáttum Game of Thrones og tekur sig vel út á sjónvarpsskjánum.**

„Þetta var ótrúlega gaman, eins og ég hef sagt áður þá var þetta bara gott ævintýri,“ segir Hafþór Júlíus Björnsson, en hann þreytti frumraun sína á sjónvarpsskjánum í gær á Stöð 2 í Game of Thrones. „Það var virkilega gaman að fá þetta hlutverk, ég hef ekki leikið neitt af viti áður og ég viðurkenni það alveg að ég var mjög stressaður,“ segir Hafþór en bætir því við að honum hafi þótt hann vera rólegri en margir aðrir á setti. „Sumir aukaleikararnir eins og sverðahaldararnir voru alveg að fara á taugum,“ segir Hafþór. „En í aðalbardaganum var ég aðeins rólegri þrátt fyrir að þetta væri stórt atriði.“ Hafþór leikur bardagakappann Gregor Clegane og kemur fram í tveimur þáttum en í fyrri þættinum er hann að hita sig upp fyrir bardagaatriðið sem fer fram í næsta þætti. „Hann er eiginlega bara að leita að einhverjum til þess að drepa og hefur ekkert fyrir því,“ segir Hafþór um persónuna. „Þetta var skemmtilegt hlutverk þó það hljómi skringilega,“ segir vaxtarræktarkappinn og hlær. „Ég myndi ekki leggja það í vana minn að drepa menn en það var gaman að leika það.“

Hafþór hefur sjálfur verið mikill aðdáandi Game of Thrones í langan tíma. „Ég var búinn að horfa á alla þættina þegar þeir höfðu samband,“ segir Hafþór. „Síðan þegar þeir hafa samband þá bregður mér smá, ég hélt náttúrulega að þetta væri bara eitthvert rugl,“ segir hann en Hafþór fær oft skrítinn póst og hann svaraði því beiðninni ekki strax. „Síðan var ég bara fenginn í prufu og var í raun tilvalinn fyrir þetta hlutverk. Það er alveg erfitt að finna svona stóra menn sem eru líka í þokkalega góðu formi,“ segir Hafþór sem gæti alveg hugsað sér að leika meira í framtíðinni. „Þetta var mjög gaman, ég var bara heppinn að fá svona stórt hlutverk fyrst og síðan er virkilega vel hugsað um mann þarna,“ segir kappinn. „Ég held að þeir hugsi mjög vel um starfsfólkið sem kemur að þáttunum, þeir hugsa vel um alla og það er góður andi yfir öllu.“

**baldvin@frettabladid.is**



**ROSALEGUR** Hlutverk the Mountain fer Hafþóri Júlíusi einstaklega vel.

### HVERN LEIKUR HAFÞÓR?

Í þáttunum gengur Gregor Clegane gjarnan undir nafninu The Mountain, en hann er höfuð Clegane-ættarinnar frá Westerland. Gregor er eldri bróðir Sandor Clegane en þeir elda grátt silfur saman. Þegar bræðurnir voru ungir hélt Gregor höfði bróður síns að opnum eldi með þeim afleiðingum að hann brann illa í framan.

Gregor leikur stórt hlutverk í sögunni en hann er ótrúlega stór og mjög vöðvastæltur. Upphaflega fór Conan Stevens með hlutverk Gregors en svo tók Ian Whyte við. Nú er röðin komin að Hafþóri Júlíusi að túlka tröllkarlinn og ætti hann að henta vel í hlutverkið enda engin smásmíði.

# Nýjar bækur um hetjurnar á HM

**Illugi Jökulsson er höfundur sex nýrra bóka um hetjurnar á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu í sumar.**

„Við vonumst til þess að okkar ungu strákar og stelpur geti lesið sér til um þessa flottu fótboltamenn um leið og þau fylgjast með leikjunum,“ segir Illugi Jökulsson sem nú hefur skrifað sex bækur í tengslum við Heimsmeistaramótið í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu í sumar. Bækurnar eru ætlaðar ungum áhugamönnum um íþróttina en þeir Lionel Messi, Mario Balotelli, Luis Suárez, Neymar og Cristiano Ronaldo fá allir bók undir eigin feril en sjötta bókin er yfirlit yfir 28 knattspyrnustjörnur sem miklar vonir eru bundnar við á knattspyrnuvellinum. „Við erum meira að segja með einn Íslending í bókinni, hann Aron Jóhannsson. Við treystum á að hann verði valinn í bandaríska liðið og teljum víst að Klinsmann eigi enga aða betri framherja en hann,“ segir Illugi, sem sjálfur segist hafa haldið með Brasilíu á stórmótum í gegnum tíðina.



**HELDUR MEÐ BRASILÍU** Illugi kveðst sjálfur hafa haldið með Brasilíu á stórmótum í gegnum tíðina.



**LUNKINN LEIKMAÐUR** Cristiano Ronaldo er á meðal þeirra sem fjallað er um í hinum nýju HM-bókum Illuga.

Illugi segir að ungt fólk í dag skorti í raun tvennt, annars vegar líkamsþjálfun og hins vegar bóklestur, og eigi bækurnar því að geta lagt sitt af mörkum til að bæta úr skák á báðum sviðum. „Texti bókanna er læsilegur og svo eru þær skemmtilega myndskreyttar. Við vonum að minnsta kosti að þetta geti hvatt unga fólkið til að lesa aðeins meira.“ **-ka**

# Er sumarið komið í umferð hjá þér?

Nú er tími sumardekkjanna kominn og því hvetjum við bíleigendur til að fá aðstoð fagmanna okkar við val á dekkjum með rétta eiginleika,- **það er öruggast.**

Dekkin eru eina snerting bílsins við veginn og öryggi þitt veltur því á gæðum þeirra. Við hjá Bílabúð Benna búum að áratuga reynslu og vitum að mikill munur er á gæðum og endingu þeirra dekkja sem eru í boði á markaðnum.



Við erum á Facebook | Bjóðum vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði | Nánari upplýsingar á benni.is | **Umboðsmenn um land allt**



PIRELLI · TOYO TIRES driven to perform · BFGoodrich Tires TAKE CONTROL · MAXXIS · INTERSTATE TIRES

NESDEKK Reykjavík Reykjanesbæ

Bílabúð Benna — Sérfræðingar í bílum

**Þjónustusími: 561 4200**

**Reykjavík**: Fiskislóð 30 og Grjóthálsi 10
**Reykjanesbæ:** Njarðarbraut 9

**Bílabúð Benna - Dekkjaþjónusta**

Reykjavík • Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
www.benni.is • Þjónustuborð: 590 2000



# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stóðhestur framtíðarinnar

Útvarpsmaðurinn Ívar Guðmundsson er kátur þessa dagana vegna þess að vinur hans, **Fjölnir Þorgeirsson**, nefndi folald eftir honum. Fjölnir tilkynnti nafngiftina á Facebook-síðu sinni og segir: „Hann verður pottþétt stóðhestur framtíðarinnar og á eftir að vera í fullu fjöri til ársins 2069, eins og nafni hans. Ekki leiðum að líkjast.“

Einnig hefur Fjölnir gefið folaldi nafnið Lucinda, í höfuðið á fréttakonunni Telmu Lucindu Tómasson, og eitt folaldið fær nafnið Bryndís í höfuðið á fyrrverandi kærustu hans. Hann segist vera duglegur að nefna folöld eftir kærustum sínum og í kjölfarið koma fjölmargar stríðnislegar athugasemdir frá vinkonum hans sem heimta að folöld séu nefnd eftir þeim ásamt vangaveltum um hvað næstu folöld muni heita. -ebg



### Steed Lord á Gay Pride í San Francisco

Hljómsveitin Steed Lord, með **Svölu Björgvinsdóttur** í broddi fylkingar, kemur fram á aðalsviðinu á Gay Pride-hátíðinni í San Francisco 29. júní næstkomandi.

Sveitin tilkynnti þetta á Facebook-síðu sinni og segist vera ákaflega spennt fyrir að koma fram á þessum stóra viðburði.

Gay Pride-hátíðin í San Francisco er gríðarlega umfangsmikil og fór hún fyrst fram árið 1970. Á undanförnum árum hefur verið talið að um ein milljón manna sæki hátíðina með einum eða öðrum hætti. Fjöldi þekktra listamanna hefur komið fram á hátíðinni í gegnum tíðina eins og Backstreet Boys, Lady Gaga og Chaka Khan, svo nokkur nöfn séu nefnd. -glp



## Mest lesið VÍSIR

1 Heimdallur vill leyfa skemmtanahald allan sólarhringinn
2 Verðsamráðsmálið: „Við erum að blæða báðir tveir“
3 Fær tugi milljóna eftir fimm ára bið
4 Vitni stíga fram vegna nauðgunar
5 Dularfull símtöl að næturlagi lögreglunni ráðgáta


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ



# BYLTING
í HEILSUDÝNUM

**Við kynnum nýja heilsudýnu - BODYPRINT - IQ CARE**

Bodyprint er ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag!



Réttur stuðningur og þrýstijöfnun ★★★★★ Settu heilsuna í fyrsta sæti

Ný marg-svæðisskipt hönnun sem gefur einstakan stuðning við allan líkamann.

**BODYPRINT** er með innbyggðan stuðningspúða sem gefur betri stuðning við lágbakið.

**BODYPRINT** er með mjúkt útskorið axlasvæði sem gefur vel eftir við axlir.

**BODYPRINT** leitast við að halda hryggsúlu í beinni stöðu og gefur réttan stuðning við allan líkamann.

**BODYPRINT** er með nýja sérstaka efnisuppbyggingu sem skapa henni sérstöðu.

**BODYPRINT** er með nýjan opnari efnieiginleika sem gerir það að verkum að hún andar miklu betur. (Svitnar síður).

**BODYPRINT**er með nýja sterkari þrýstijöfnunar-efnablöndu sem endist lengur og mótast betur að líkamanum.

**BODYPRINT** aðlagast svo til samstundis að líkamanum og tryggir betra blóðflæði. Því nærð því dýpri og betri svefni. Auðvelt er að snúa sér á heilsudýnunni.

**BODYPRINT** er samvinnuverkefni Veldeman Bedding og Eupen verksmiðjanna í Belgíu.

Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu Fyrsta sending seldist strax upp!

Kíktu á www.reverie.com

- Inndraganlegur sterkur stálbotn.
- Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun



RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED

**IQ-CARE** Ein besta heilsudýna í heimi

**Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum**



12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa ★★★★★



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökukjald

**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

**www.svefn.is**

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

KORTER.IS